



MATSÁÆTLUN: UPPBYGGING Á ÍPRÓTTASVÆÐI HAUKA Á ÁSVÖLLUM Í HAFNARFIRÐI

Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum

Janúar 2022



Hafnarfjörður

Uppbygging á Íþróttasvæði Hauka
Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum

21112

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project1108/Documents/Matsáætlun/umsagnir/21112_viðbrögð - B.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	31.1.2022	EBA / HBB	EBA	SGT / ÞS

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is



Hafnarfjörður

Unnið fyrir:

Hafnarfjörð
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður



Efnisyfirlit

	Inngangur	3
1	Minjastofnun Íslands	3
2	Heilbrigðiseftirlit Hafnarjarðar og Kópavogssvæðis	3
3	Veðurstofa Íslands	5
4	Náttúrufræðistofnun Íslands	5
5	Hafrannsóknarstofnun	6
6	Orkustofnun	7
7	Umhverfisstofnun	7
8	Landvernd	9
9	Guðni Gíslason	11
10	Björn Ól. Gíslason, Ólöf Björnsdóttir og Hulda Björnsdóttir	11
11	Hulda Hákonardóttir	12



0 Inngangur

Á tímabilinu bárust alls 11 erindi og í þessu skjali verður gerð grein fyrir athugasemdum sem komu fram og viðbrögðum við þeim.

Atriðin eru flokkuð eftir aðilum sem sendu inn umsagnir og athugasemdir. Efnistöð ábendinga eru víða sambærileg og reynt eftir fremsta megni að vitna milli kafla með sambærilegum umsögnum eða viðbrögðum.

Gerð verður grein fyrir umsögnum og viðbrögðum við þeim í þeirri röð sem þau koma fyrir í töflu. Umsagnir bárust frá sjö stofnunum og þrjú erindi bárust frá íbúum í nágrenninu.

Tafla 1 Yfirlit yfir aðila sem sendu inn athugasemdir

1	Minjastofnun Íslands*	7	Umhverfisstofnun
2	Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis	8	Landvernd
3	Veðurstofa Íslands *	9	Guðni Gíslason
4	Náttúrufræðistofnun Íslands	10	Björn Ól. Gíslason o.fl.
5	Hafrannsóknarstofnun	11	Hulda Hákonardóttir
6	Orkustofnun*		

* Umsögn krefst ekki viðbragða

Framsetning athugasemda er með þeim hætti að viðkomandi athugasemdir eru birt og viðbrögð við athugasemdum koma þar fyrir neðan. Í einhverjum tilfellum hafa umsagnir og athugasemdir verið umorðaðar til að draga fram helstu atriði. Hægt er að sjá allar athugasemdir og umsagnir í heild sinni í viðauka.

Hafnarfjarðarbær þakkar fyrir framkomnar umsagnir og athugasemdir, sem munu nýtast í áframhaldandi vinnu við umhverfismat framkvæmdanna.

1 Minjastofnun Íslands

Umsögn kallar ekki á viðbrögð.

2 Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar og Kópavogssvæðis

Umsögn segir

„Greining valkosta þar sem í raun er aðeins einn valkostur er til skoðunar er ekki í anda laganna nr. 111/2021. Framkvæmdaraðili, skýrsluhöfundar verða að leggja fram aðra kosti til að bera saman við kost A. Aðrir kostir sem koma ættu til skoðunar eru aðrar gerðir eða stærðir á íþróttamannvirkinu og aðrar útfærslur s.s. er varðar nálægð við Ástjörn. Meta ætti hvort minna mannvirki myndi ekki fullnægja raunverulegri þörf samfélagsins fyrir knattþús. Ef svo væri hvort það myndi valda minna álagi innan friðlandsins og minni líkum á röskun á grunnvatnsflæði. Heilbrigðisnefnd telur að fjölga þurfi valkostum í matsáætlun.“

Viðbrögð: Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar er gerð grein fyrir raunhæfum valkostum sem hafa verið kannaðir, og þeir bornir saman með tilliti til umhverfisáhrifa í samræmi við lög nr. 111/2021. Tveir valkostir eru til skoðunar fyrir staðsetningu knattþússins sem verða bornir saman við núllkostinn. Einn valkostanna felur í sér staðsetningu fjær Ástjörn. Ákveðnar forsendur liggja að baki stærð knattþússins svo það



standist kröfur fyrir keppnisvöll. Í umhverfismatsskýrslunni verður nánar gerð grein fyrir forsendum á hönnun húsnæðisins.

Umsögn segir

„[...] áformuð umfjöllun eins og henni er lýst í skýrslunni mun ekki svara þeirri áleitnu spurningu hvort framkvæmdir við og fargið sem því fylgir að reisa 9.900m² byggingu með 25 metra mænishæð auk 900 m² samtengdrar þjónustubyggingar ofan á tveimur hraunlögum frá nútíma, geti haft áhrif á lekt jarðlaganna á byggingartíma eða eftir að honum lýkur. Það er fullyrðingin sem kemur fram í meðfylgjandi tilvitnun sem þarf að rýna:

„Þar sem gröftur framkvæmdarinnar nær ekki niður að hæsta grunnvatnsyfirborði er ekki talin hætt á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á lekt stemmisins, og þar af leiðandi ætti flæði grunnvatns úr Ástjörn að haldast óbreytt.“ (bls. 17, undirstrikun er HHK)“

Viðbrögð: Hafnafjarðarbær tekur undir með mikilvægi þess staðið sé að framkvæmdum þannig þær hafi ekki áhrif á lekt jarðlaga í nálægð úr Ástjörnina og að flæði grunnvatns við tjörnina haldist óbreytt. Í kjölfar umsagnarinnar var fundur haldinn með Heilbrigðiseftirlitinu þar sem þessi athugasemd var rædd. Við undirbúning framkvæmda hafa verið boraðar 16 holur til að kanna undirstöður knatthússins. Niðurstöður sýna að fyllingin undir vellinum var milli 0,6 – 1 m á þykkt og þar fyrir neðan var þétt og fín hraunklöpp. Við hönnun er áhersla lögð á að jarðvinna fari ekki undir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar í þeim tilgangi að hafa ekki áhrif á lekt jarðlaganna. Framkvæmdir og þau mannvirki sem þeim fylgja eru ekki að fara að hafa áhrif á jarðlög sem liggja fyrir neðan þeirra sem raskað verður. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum úr jarðtækniskýrslu á svæðinu í umhverfismatsskýrslu sem er byggð niðurstöðum úr tilraunaborholum og kortlagningu á svæðinu. Þá verður einnig gerð grein fyrir því hvernig verður staðið að jarðvinnu á svæðinu og hvaða kröfur verða gerðar til að tryggja að ekki verður farið niður fyrir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar. Sjá einnig svar við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands (4).

Umsögn segir:

Heilbrigðisnefnd telur að útvíkka þurfi aðra matsspurninguna í vatnafarskaflanum; „Getur jarðvinna vegna valkosta aukið flæði úr Ástjörn til austurs og lækkun á grunnvatnsstöðu“

Viðbrögð: Tekið verður tillit til ábendingu Heilbrigðisnefndar og verður matsspurning umorðuð í „Getur jarðvinna vegna valkosta aukið flæði úr Ástjörn og lækkun á grunnvatnsstöðu?“

Umsögn segir:

“Leita mætti viðmiða í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þá mætti í kafla um fyrirliggjandi gögn tiltaka rannsóknarskýrslu sem Tryggvi Þórðarson vann 2010 fyrir Hafnarfjörð; Mengunarflokkun á Ástjörn.”

Viðbrögð: Tekið verður mið af reglugerð nr. 887/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi í umhverfismatsskýrslunni. Einnig verð bætt í kaflann um fyrirliggjandi gögn rannsóknarskýrslu Tryggva Þórðarsonar um Mengunarflokkun á Ástjörn frá 2010.



Umsögn segir:

„Heilbrigðisnefnd telur að þess megi gæta skýrar í matsskýrslu að friðlýsing Ástjarnar er í grunninn friðlýsing á búsvæði flórgoðans.“

Viðbrögð: Tekið verður tillit til ábendingar Heilbrigðisnefndar í umhverfismatsskýrslunni.

Í umsögn kemur fram:

Heilbrigðisnefnd minnir á að endurskoðun framkvæmd friðlýsingar geti verið hluti af mótvægisáðgerðum.

Viðbrögð: Þegar niðurstaða fyrir mat á umhverfisáhrifum liggja fyrir verða mótvægisáðgerðir endurskoðaðar með tilliti til áhrifa framkvæmda.

3 Veðurstofa Íslands

Umsögn kallar ekki á viðbrögð.

4 Náttúrufræðistofnun Íslands

Umsögn segir:

Grundvallaratriði í umhverfismatinu er að meta hvort hættu sé á að framkvæmdirnar rýri náttúruverndargildi friðlandsins og fólkvangsins við Ástjörn. Horfa þarf því sérstaklega til þess markmiðs að áfram verði hægt að uppfylla skilmála og reglur friðlýsingarinnar og meta þarf hvernig framkvæmdirnar hafi áhrif á það markmið. Á það bæði við um óafturkræf áhrif t.d. rask en einnig áhrif vegna truflunar á framkvæmdatíma og af rekstri íþróttamannvirkja miðað við áformaðar staðsetningar.

Viðbrögð: Horft verður til skilmála friðlýsingar Ástjarnar, þar sem viðmiðin verða skoðuð með tilliti til áhrifa á þá þætti sem tengjast skilmálanum, þ.e. vatnafar, gróðurfar, votlendi, lífríki auk fuglalífs. Sjá einni svar við umsögn frá Umhverfisstofnun (7).

Í umsögn kemur fram:

Óumflýjanlegt rask á nútímahrauni verður við framkvæmdina, sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Takmarka skal raskið eins og hægt er en aðrar mótvægisáðgerðir í því samhengi sem Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til, er að tryggja langtímaverndun nútímahrauns á öðrum svæðum innan sveitafélagsins til að bæta upp það sem tapast undir framkvæmdir.

Viðbrögð: Ábending Náttúrufræðistofnunar Íslands verður skoðuð við mótun mótvægisáðgerða og gert grein fyrir í umhverfismatsskýrsluna.

Umsögn segir:

„Mikilvægt er að fjallað sé nákvæmlega í matsskýrslunni hvernig áætlaður gröftur á framkvæmdasvæði verði þannig að sýnt sé fram á að fylgt sé ráðleggingum sem eiga að vernda lekt jarðlaga á svæðinu og þannig raska ekki vatnafari Ástjarnar“

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslunni verður gerð grein fyrir því hvernig verður staðið að jarðvinnu á svæðinu og hvaða kröfur verða gerðar til að tryggja að ekki verður farið niður fyrir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar. Sjá einnig svar við umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Hafnafjarðar og Kópavogssvæðis (2).



Umsögn segir:

Jákvætt er að ekki eigi að framkvæma á varptíma fugla sem og forðast notkun flóðljósa á þeim tíma. Taka mætti til betri skoðunar áhrif hávaða á fuglalíf á rekstrartíma knattþúss og íþróttavalla

Viðbrögð: Svæðið er skilgreint í skipulagi sem dvalarsvæði; kyrrlátt svæði í þéttbýli og á lóð skal hljóðstig vera undir 55 L_{Aeq}. Gert verður grein fyrir samantekt á fyrirliggjandi gögnum, gerð af fuglasérfræðingi þar sem lagt verði mat á áhrif á fuglalíf m.a. með tilliti til hljóðvistar.

5 Hafrannsóknarstofnun

Umsögn segir:

„Hafrannsóknastofnun tekur [...] undir álit Skipulagsstofnunar að mikilvægt sé að nýjar rannsóknir verði á vatnafari á vatnasviði Ástjarnar auk þess telur Hafrannsóknastofnun að mikilvægt sé að gera spálíkan um hugsanlegar breytingar á vatnsbúskapnum m.t.t. veðurfarsbreytinga og fyrirliggjandi veðurfarspálíkana“.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslunni verður gert grein fyrir fyrirkomulagi vöktunar á vatnafari vatnasviðs Ástjarnar. Í umhverfismatsskýrslu verður bætt við umfjöllun um hvort auknar líkur séu á neikvæðum áhrifum framkvæmdar á Ástjörn verði breytingar á vatnabúskap Ástjarnar vegna veðurfarsbreytinga. Sjá einnig svar við umsögn Umhverfisstofnunar (7) og Huldu Hákonardóttur (11).

Í umsögn kemur fram:

Hafrannsóknastofnun telur að gera þurfi nánar grein fyrir lýsingu á svæðinu og hvenær tíma árs lýsingin verði notuð.

Viðbrögð: Gerð verður grein fyrir staðsetningu flóðljósa og annarra lýsingar auk notkunar tíma þeirra. Áhrifasvæði lýsingar verður birt á yfirlitsmynd. Niðurstöður verða birtar í umhverfismatsskýrslu og lagt mat á möguleg áhrif frá lýsingunni.

Umsögn segir

„Í kafla 4.1 segir m.a. „tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður-og dýralífi og í henni er mikið smádýralíf sem er þó lítt rannsakað.“ Það er ekki allskostar rétt því Náttúrufræðistofa Kópavogs rannsakaði lífríki Hamarskotslækjar og Ástjarnar frá maí 2000 fram í mars árið eftir“

Til viðbótar er rétt að benda á samantekt úr efni erinda á málþingi sem haldið var þann 30. mars 2007 í Reykjavík og bar titilinn Vötn og vatnasvið á höfuðborgarsvæðinu – ástand og horfur. Í þessum erindum var m.a. fjallað um vatnafar, efnabúskap, lífríki og jarðfræði.“

Viðbrögð: Umræddum gögnum verður bætt inn í umhverfismatsskýrslu.

Umsögn segir

„Í töflu 5.1 um forsendur á bak við vinsun umhverfisþátta í mati á umhverfisáhrifum er hvergi minnst á vatnalíf, einungis vatnafar. Síðarnefnda hugtakið nær á engan veginn yfir lífríki vatns og votlendis (sjá grein eftir Freysteinn Sigurðsson í ritinu Vötn og vatnasvið



áhöfuðborgarsvæðinu –ástand og horfur). Í töflu 5.2 um helstu áhrifaþætti framkvæmdar er enn fremur hvergi minnst á áhrif á vatnalíf.“

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu er lögð áhersla á að meta áhrif framkvæmdar á Ástjörn sem heild, vatnafar þess, vistgerðir og lífríki. Skerpt verður á orðalagi í umhverfismatsskýrslu. Sjá einnig svar við umsögn frá Umhverfisstofnun (7) og Huldu Hákonardóttur (11).

Umsögn segir:

„Í kafla 6.2 um vatnafar Ástjarnar er vísað í lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 þar sem einungis er vísað til þess að um að efnafræðilegu ástandi sé að lágmarki haldið góðu. Lögin taka í raun á því að halda vistfræðilegu ástandi vatns góðu og innan þess eru margir þættir m.a. lífrænir (vatnalíf) og eðlis-efnafræðilegir og vatnsformfræðilegir.“

Viðbrögð: Skerpt verður á umfjöllun um lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 í umhverfismatsskýrslu.

6 Orkustofnun

Umsögn kallar ekki á viðbrögð.

7 Umhverfisstofnun

Í umsögn kemur fram:

Umhverfisstofnun kallar eftir samanburði við núllkost þar sem framkvæmdin hefur ekki farið áður í mat á umhverfisáhrifum og því þurfi að bera umhverfisáhrif valkostana tveggja borin saman við núverandi ástand.

Viðbrögð: Í mati á umhverfisáhrifum er núllkostur notaður sem grunnviðmið og hann borinn saman við aðra valkosti um staðsetningu knatt hússins með tillit til umhverfisáhrifa. Sjá einnig svar við umsögn frá Björn Ól. Gíslason o.fl. (10) og Hulda Hákonardóttur (11).

Umsögn segir:

„...lítil áhersla lögð á umhverfisáhrif æfingavallanna þriggja sem eru fyrirhugaðir syðst á lóðinni en mikilvægt er að metin séu umhverfisáhrif framkvæmdanna á Ásvöllum í heild sinni til að gefa rétta mynd af áhrifunum.“

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á umhverfisáhrif æfingavallanna þriggja sem eru fyrirhugaðir syðst á lóðinni.

Umsögn segir:

Vegna mögulegra áhrifa framkvæmdarinnar á náttúru og upplifun gesta innan friðlýstu svæðanna telur Umhverfisstofnun mikilvægt að metin séu áhrif á verndargildi friðlýstu svæðanna í umhverfismati.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslunni verður umfjöllun um niðurstöður úr mati áhrif framkvæmdanna á verndargildi friðlýsta svæðisins. Fjallað verður sérstaklega um þá þætti sem tengjast skilmálum friðlýsingarinnar, þ.e. vatnafar, gróðurfar, votlendi, lífríki auk fuglalífs. Sjá einnig svar við umsögn Náttúrustofnu Íslands (4).



Þá verður einnig lagt mat á hvort valkostir komi til með að breyta upplifun þeirra sem fara um gönguleiðirnar eða útivistarsvæðið við Ástjörn, með tilliti til hljóðvistar og ásýnd svæðis. Sjá einnig svar við umsögn Huldu Hákonardóttur (11).

Í umsögn kemur fram:

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framkvæmdaraðili útbúi áætlun um vöktun á vatnsyfirborði tjarnarinnar auka viðbragðsáætlun um aðgerðir sem grípa skuli til verði vart við breytingar á vatninu.

Viðbrögð: Hafnafjarðarbær tekur undir með Umhverfisstofnun um mikilvægi vöktunar á vatnsyfirborði tjarnarinnar. Vöktun á grunnvatnsyfirborði Ástjarnar hófst í júní 2021 og grunnvatnsstaðan er mæld á 2-4 vikna fresti. Niðurstöður og áframhaldandi vöktun verða ákveðin í samræmi við niðurstöðu umhverfismats og tilgreint í umhverfismatsskýrslu.

Í umhverfismatsskýrslu verður einnig gert grein fyrir viðbragðsáætlun um aðgerðir verði vart við breytingar á vatninu.

Í umsögn kemur fram:

„Samkvæmt friðlýsingarskilmálum má ekki breyta vatnsyfirborði Ástjarnar. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að framkvæmdaraðili útbúi áætlun um vöktun á vatnsyfirborði tjarnarinnar auk viðbragðsáætlunar um aðgerðir sem grípa skuli til verði vart við breytingar á vatninu. Umhverfisstofnun tekur fram að breytingar umfram það sem telst til náttúrulegra breytinga á vatnsstöðu geta haft umtalsverð áhrif á lífríki tjarnarinnar, m.a. með auknu gruggi, rofi vatnsbakka og áhrifum á gróður og dýralíf.

„Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að fram fari rannsóknir á vatnasviði Ástjarnar og að skýrt sé hver áhrif framkvæmdanna verði, t.a.m. á lekt hraunsins, þar sem breytingar á vatnasviði munu hafa áhrif á allt lífríki, gróður-og dýralíf í tjörninni.“

Viðbrögð: Vöktun á vatnsyfirborði Ástjarnar hófst í júní 2021. Ef vöktun á vatnsyfirborði tjarnarinnar sýnir breytingar mun Hafnafjarðarbær tilkynnta það til viðeigandi aðila, m.a. Umhverfisstofnunar.

Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmdar á Ástjörn og lögð áhersla á að meta áhrif framkvæmdar á Ástjörn sem heild, vatnafar þess, vistgerðir og lífríki. Sjá einnig svar við umsögn Hafrannsóknarstofnunar (5) og Huldu Hákonardóttur (11).

Umsögn segir:

„Í Ástjörn er, líkt og fram kemur í matsáætlun, að finna eina flórigoðavarpíð á Suðvesturlandi en flórigoði er alfríðuð tegund og er á valista. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að metin séu áhrif aukinnar umferðar, hávaða og lýsingar frá fyrirhuguðu ípróttasvæði á fuglalíf Ástjarnar.[...] Umhverfisstofnun telur mikilvægt að óskað sé eftir álitum frá Náttúrufræðistofnun Íslands á áhrifum framkvæmdanna á fuglalíf Ástjarnar.“

„Umhverfisstofnun telur að meta skuli áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og hljóðvist, bæði með tilliti til fólks og lífríkis. Ljósmeingun, skuggar og hávaði frá ípróttasvæðinu gæti mögulega haft áhrif á þá fugla sem þarna eru sem og á upplifun gesta sem nýta svæðið til útivistar.“

Viðbrögð: Náttúrufræðistofnun Íslands gaf umsókn og gerði ekki athugasemdir við fyrirkomulag gagnaöflunar um fuglalíf. Í umhverfismatsskýrslunni verður gerð grein fyrir



niðurstöðum gagnaöflunar varðandi möguleg áhrif á fuglalíf, m.a. með tilliti til ónæðis og lýsingar á framkvæmda- og rekstrartíma, við fyrirhugað framkvæmdasvæði og innan friðlands Ástjarnar ásamt viðeigandi mótvægisáðgerðir.

Ástjörn hefur mikið aðdráttarafli sem útivistarsvæði og gert verður grein fyrir legu gönguleiða og áhrif á aðgengi útivistarsvæða metið. Í umhverfismatsskýrslu verður metið hvort að fyrirbyggjandi valkostir breyti upplifun þeirra sem fara um gönguleiðirnar eða útivistarsvæðið við Ástjörn, með tilliti til hljóðvistar og ásýnd svæðis. Gerð verður grein fyrir skuggavarpi mannvirkja. Sjá einnig svar við umsögn frá Birni Ól. Gíslasyni o.fl. (10) og Huldu Hákonadóttur (11)

Umsögn segir:

„Umhverfisstofnun minnir á að skv. 61. gr. náttúruverndarlaganna ber að forðast að raska eldhrauni frá nútíma nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.[...] Umhverfisstofnun bendir á að skv. friðlýsingarskilmála er mannvirkjagerð og jarðrask bannað án leyfi frá Umhverfisstofnun og er skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.“

Viðbrögð: Að mati Hafnarfjarðarbæjar er óhjákvæmilegt að raska hrauni en ekki er talið æskilegt að uppbygging ípróttasvæðis Hauka fari fram á öðrum svæðum enda búið að skilgreina svæðið sem slíkt í aðalskipulagi. Markmið framkvæmdar er jafnframt að styrkja þá starfsemi sem fyrir er og nýta þá innviði sem eru til staðar. Hafnarfjarðarbær telur að uppbygging á ípróttasvæðinu sé mikilvæg fyrir íbúa og nýti betur fjárfestingar í innviðum. Ekki er talið að uppbygging ípróttasvæðis á öðrum stöðum á Völlunum geti mætt þeim markmiðum sem sett eru í skipulagi eða sé til þess að valda minni umhverfisáhrifum vegna umfangs eldhrauns á Völlunum. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða er það mat sveitarfélagsins að fyrir liggja skýrir hagsmunir til að bæta þjónustu við íbúa og aðgengi að henni, sem vegi upp þau neikvæðu áhrif sem verði vegna aukins rasks á eldhrauni.

Í umhverfismatsskýrslunni verður gerð verður grein fyrir umfangi rasks og hvaða áðgerðir verða viðhafðar til að lágmarka rasks eins og kostur er. Ef framkvæmdin hefur áhrif á verndargildi Friðlands Ástjarnar, verður sótt um leyfi til Umhverfisstofnunnar, gerð verður nánar grein í umhverfismatsskýrslu. Sjá einnig svar við umsögn frá Landvernd (8) og Huldu Hákonardóttur (11).

8 Landvernd

Í umsögn kemur fram:

Landvernd bendir á að Ástjörnin sjálf og nánasta umhverfi hennar sé friðlýst og nýtur verndar náttúruverndalaga eins og hraunið umhverfis hana.

„Það er því mat Landverndar að fyrirhuguð uppbygging stríði gegn friðlýsingarskilmálum. Jafnframt telur Landvernd að með framkvæmdunum verði brotið gegn 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 bæði þar sem um er að ræða rask á vatnafari stöðuvatns stærra en 1000 m² (1. mgr. a liður 61. gr. náttúruverndarlaga) sem og á hrauni frá nútíma (2. mgr. a liður 61. gr. Náttúruverndarlaga). Hvorki valkostur A né B eru undantekningar frá þessu.“

Ástjörn sé grunnt stöðuvatn, þar sem grunnvatnsstaða ræðst af grunnvatnsstöðu í bergsinu í kring, sem er viðkvæmt fyrir náttúrulegum sveiflum og raski. Landvernd telur boðaðar mótvægisáðgerðir ekki nægilegar til að sporna gegn því að vatnafar tjarnarinnar raskist.



Viðbrögð: Ein af forsendum hönnunar er að jarðvinna fari ekki undir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar í þeim tilgangi að hafa ekki áhrif á lekt jarðlaganna. Framkvæmdir og þau mannvirki sem þeim fylgja eru ekki að fara að hafa áhrif á jarðlög sem liggja fyrir neðan þeirra sem raskað verður, né lekt þeirra. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um niðurstöður úr jarðtækniskýrslu á svæðinu í umhverfismatsskýrslu sem er byggð niðurstöðum úr tilraunaborholum og kortlagningu á svæðinu. Þá verður einnig gerð grein fyrir því hvernig verður staðið að jarðvinnu á svæðinu og hvaða kröfur verða gerðar til að tryggja að ekki verður farið niður fyrir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar. Í umhverfismati verður jafnframt gerð grein fyrir verndargildi Ástjarnar og lagt mat á möguleg áhrif.

Í umhverfismatsskýrslunni verður einnig gerð grein fyrir umfangi rasks og hvaða aðgerðir verða viðhafðar til að lágmarka rasks eins og kostur er, sjá einnig viðbrögð við sambærilegri umsögn Umhverfisstofnunar (7).

Mótvægisáðgerðir verða endurskoðaðar þegar rannsókn og frekar gagnaöflun hefur verið lokið og nánari upplýsingar um hvernig verður tryggt að jarðrask sé takmarkað eins og mögulegt er verður.

Umsögn segir:

Þó telur Landvernd orðalag í matsáætlun sérstætt þar sem talað er um Ástjörn sem ógn (bls. „Ekki er talin þörf á frekari aðgerðum til verja mannvirki vegna Ástjarnar þegar hún er í hæstu stöðu fyrir valkost A. Í umhverfismatsskýrslu verður skoðað hvort þörf sé á frekari aðgerðum ef valkostur B yrði fyrir valinu“ bls. 15 í matsáætlun). Hið rétta er þó að sjálfsögðu að mannvirkin ógna lífríki, vatnafari og umhverfi tjarnarinnar.

Viðbrögð: Eðlilegt er að skoðað og fjalla um utanaðkomandi þætti sem kunna að hafa áhrif á útfærslu á fyrirhuguðum framkvæmdum. Sjá einnig svar við umsögn Huldu Hákonardóttur (11).

Umsögn segir:

„Ranglega er tiltekið í matsskýrslu á bls. 8 og 24 að flórgoði verpi eingöngu við Ástjörn á öllu Suðvesturlandi. Flórgoði verpir einnig við Vífilsstaðavatn, sem dregur þó ekki úr mikilvægi Ástjarnar sem athvarfs fugla eins og flórgoðans sem ekki skal raska frekar.“

Viðbrögð: Umræddum gögnum verður bætt inn í umhverfismatsskýrsluna.

Umsögn segir:

„Stjórn Landverndar telur rétt að íhuga hvort ekki sé ástæða til að fjalla um mögulega náttúruvá vegna eldsumbrota á Reykjanesi. Ef marka má jarðvísindamenn er að hefjast tímabil jarðelda á svæðinu og Vallahverfið er á hraunsvæði.“

Viðbrögð: Hafnarfjarðarbær telur ekki þörf á umfjöllun um mögulega náttúruvá vegna eldsumbrota á Reykjanesi í umhverfismatsskýrslu. Ef eldsumbrot munu eiga sér stað, sem hafa áhrif á Íþróttasvæðið, er nokkuð ljóst að forsendur fyrir byggð og Íþróttastarf á svæðinu séu þá brostnar.

Í umsögn kemur fram:

Stjórn Landverndar telur að skoða þurfi áhrif skipulags við Ástjörn yfir lengri tíma og með heildstæðari hætti, með tilliti til áhrifa á náttúru.



Viðbrögð: Hafnarfjarðarbær hefur í um 30 ár unnið að uppbyggingu á Völlunum, þ.m.t. á ípróttasvæðinu sem í dag býður upp á fjölbreytta ípróttastarfsemi. Sú uppbygging er í samræmi við grundvallarstefnu um landnotkun í aðalskipulagsáætlunum Hafnarfjarðar, þar sem skýr mörk eru dregin milli landnotkunar sem heimilar uppbyggingu og landnotkun umhverfisverndar og útivistar. Þessi skýru mörk gefa skýrt til kynna hvar verði mögulegt rask á svæðinu og hvar er ekki heimilað að rask verði.

Uppbygging knatthúss er innan afmarkaðs ípróttasvæðis í aðalskipulagi Hafnarfirði. Ástjörnin er friðlýst og umhverfis hana er afmarkað sem fólkvangur. Fyrirhugaðar framkvæmdir breyta ekki þessum mörkum og því er ekki gengið á verndarsvæðin með umræddri uppbyggingu eða ráðist í mannvirkjagerð nær Ástjörn en gert hefur verið ráð fyrir. Áform um knatthús eru í fullu samræmi við þær skipulagsáætlanir og verndaráætlanir sem gilda um svæðið.

Matsferlið verður nýtt til að ganga úr skugga um að þessi áform valdi ekki óásættanlegum áhrifum á Ástjörn og nágrenni hennar. Sjá einnig svar við umsögn Umhverfisstofnunar (7).

9 Guðni Gíslason

Í umsögn kemur fram:

Guðni Gíslason bendir á að uppfæra þarf staðsetningu á fornleifum á mynd fyrir valkost B

Viðbrögð: Staðsetning á fornleifum á mynd fyrir valkost B verður uppfærð fyrir umhverfismatsskýrslu

10 Björn Ól. Gíslason, Ólöf Björnsdóttir og Hulda Björnsdóttir

Í umsögn kemur fram:

Björn Ól. Gíslason o.fl. óska eftir ásýndarmynd og skuggavarp af byggingu frá göngustíg við tjörn.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslunni verða ásýndarmyndir sem sýna mögulega ásýnd svæðis frá göngustíg við tjörn, eftir að framkvæmdum lýkur. Einnig verður gert grein fyrir skuggavarp vegna mannvirkis á myndum í umhverfismatsskýrslunni. Sjá einnig svar við umsögn frá Umhverfisstofnun (7) og Huldu Hákonardóttur (11).

Í umsögn kemur fram:

Björn Ól. Gíslason o.fl. benda á að óheimilt sé að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar skv. Friðlýsingunni frá 1978 og lýsa yfir áhyggjum að þó graftarbotn knatthússins eigi að vera 50 cm fyrir ofan hæstu grunnvatnsstöðu gæti áhrif frá byggingunni leitt til að yfirborðsvatn tæki að leka úr tjörninni.

Viðbrögð: Við hönnun er áhersla lögð á að jarðvinna fari ekki undir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar í þeim tilgangi að hafa ekki áhrif á lekt jarðlaganna. Framkvæmdir og þau mannvirki sem þeim fylgja eru ekki að fara að hafa áhrif á jarðlög sem liggja fyrir neðan þeirra sem raskað verður. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum úr jarðtækniskýrslu á svæðinu í umhverfismatsskýrslu sem er byggð á niðurstöðum úr tilraunaborholum og kortlagningu á svæðinu. Þá verður einnig gerð grein fyrir því hvernig verður staðið að jarðvinnu á svæðinu og hvaða kröfur verða gerðar til að tryggja að ekki verður farið niður fyrir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar. Sjá einnig svar við umsögn Heilbrigðiseftirlitsins (2) og Náttúrufræðistofnunar Íslands (4).



Í umsögn kemur fram:

Gagnrýni á að valkostur A sé fyrir valinu og núllkostur sé ekki metinn.

Viðbrögð: Valkostir um staðsetningu knatthússins verða til skoðunar í umhverfismatsskýrslunni og verða þeir bornir saman með tillit til umhverfisáhrifa. Í mati á umhverfisáhrifum er núllkostur notaður sem grunnviðmið og hann borinn saman við aðra valkosti.

Í umsögn kemur fram:

Mikilvægt að rannsaka lífríki Ástjarna og áhrif framkvæmda á nærliggjandi fuglalíf.

Viðbrögð: Gert verður grein fyrir umfjöllun um fuglalíf við Ástjörnina í umhverfismatsskýrslunni og áhrif framkvæmda á nærliggjandi fuglalíf, byggt á fyrirhugaðri gagnasöfnun. Sjá einnig svar til Umhverfisstofnunar (7).

11 Hulda Hákonardóttir

Umsögn segir:

„Fyrirliggjandi er ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 13. júlí 2021 um að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum. Myndar sú ákvörðun og forsendur hennar kjarna þeirra atriða sem framkvæmdaraðila ber a.m.k. að leggja mat á. Fyrirliggjandi matsáætlun er hvorki í samræmi við þessa ákvörðun Skipulagsstofnunar, þ.e. um forsendur fyrir matskyldu, né leiðbeiningar stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda frá árinu 2005. Verulega skortir á að matáætlun geti staðið undir mati á umhverfisáhrifum í samræmi við kröfur laga.

Samandregið er boðið í fyrirliggjandi matsáætlun Hafnarfjarðarbæjar að það eina sem á að skoða er að mæla vatnsyfirboðið í Ástjörn yfir 8 mánaða tímabil. Meira er það ekki. Síðan á að fá ótilgreindan fuglasérfræðing til að meta „fyrirliggjandi gögn“ um fuglalíf án þess að önnur skoðun sé gerð eða aðferðir eða aðferðarfræði skýrð. Að öðru leyti er matsáætlun sveitarfélagsins tóm.“

Viðbrögð: Matsáætlunin er unnin í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og byggir á ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu. Í matsáætlun hefur verið unnin greining á því hvaða þættir framkvæmdar og starfsemi, sem henni fylgir, séu líklegir til að valda umhverfisáhrifum auk greiningar á því hvaða þættir umhverfisins er talið líklegt að geti helst orðið fyrir áhrifum þegar tekið er tillit til allra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar, miðað við fyrirliggjandi vitneskju. Með hliðsjón af ofangreindu hefur Hafnarfjarðarbær lagt fram áætlun um hvernig fyrirhugað er að staðið verði að umhverfismati framkvæmdar, sem Skipulagsstofnun hefur kynnt fyrir umsagnaraðilum og almenningi. Matsáætlun er í fullu samræmi við lög nr. 111/2021.

Umsögn segir

„Á hinn bóginn leggur undirrituð einnig ríka áherslu á að skipulagsvald sveitarfélagsins er takmarkað með lögum. Með stoð í lögum hafa verið sett stjórnvaldsfyrirmæli með friðlýsingu tjarnarinnar og stofnun fólksvang hjá Ástjörn, sbr. auglýsingar frá árinu 1978 og 1996, sbr. nánari umfjöllun um athugasemd 1 hér síðar í umsögninni. Samkvæmt þessum réttarreglum ber ótvírætt í máli þessu að afla leyfis Umhverfisstofnunar. Í matsáætlun er því sleppt að nefna að nauðsynlegt sé að afla samþykks Umhverfisstofnunar vegna framkvæmdarinnar eða áhrifa hennar. Skipulagsstofnun ber



að koma því til leiðar að reglum sé fylgt og umfjöllun matsáætlunar sé í samræmi við framangreint og tryggt verði að aflað verði leyfi frá Umhverfisstofnun (eftir atvikum einnig frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs).“

Viðbrögð: Sótt verður um viðeigandi leyfi í þeim tilfellum, þar sem á við. Sjá einni svar við umsögn Umhverfisstofnunar (7).

Í umsögn kemur fram:

Hulda Hákonardóttir gagnrýnir að ekki sé farið í frekar gagnaöflun um vatn, jarðrask, gróðurfar, fuglalíf og ekki verði lagt mat á áhrif á verndarsvæði. [...] ekkert fjallað um áhrif risa mannvirkis við eða á friðlandinu og áhrif þessa á verndargildi Ástjarnar sem friðlýstu svæði og fólksvangi.

Viðbrögð: Vöktun á grunnvatnsyfirborði Ástjarnar hófst um miðjan júní 2021 og er staðan mæld á 2-4 vikna fresti og verða niðurstöður og áframhaldandi vöktun ákveðin í samræmi við niðurstöðu umhverfismats og tilgreint í umhverfismatsskýrslu. Sjá einnig svar við umsögn Hafrannsóknarstofnunar (5) og Umhverfisstofnunar (7). Tilgreint verður jarð- og gróðurask sem verður á framkvæmdarsvæði í umhverfismatsskýrslunni. Gagnaöflun verður um fuglalíf á svæðinu og lagt mat á áhrif þess, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma. Í umhverfismatsskýrslu er lögð áhersla á að meta áhrif framkvæmdar á Ástjörn sem heild, vatnafar þess, vistgerðir og lífríki. Sjá einnig svar við umsögn Hafrannsóknarstofnunar (5) og Umhverfisstofnunar (7).

Í umsögn kemur fram:

„Í fyrirliggjandi matsáætlun hafnar Hafnarfjarðarbæ því að fjalla um núllkost samhliða valkostum A og B“

Viðbrögð: Í mati á umhverfisáhrifum er núllkostur notaður sem grunnviðmið og hann borinn saman við aðra valkosti um staðsetningu knatthússins með tillit til umhverfisáhrifa. Sjá einnig svar við umsögn frá Umhverfisstofnun(7) og Björn Ól Gíslason o.fl (10).

Í umsögn kemur fram:

Sveitafélaginu bera að skoða aðra möguleika á staðsetningu á uppbyggingu ípróttasvæðisins. Starfsemi ípróttafélagsins þarf ekki öll að vera staðsett á sama stað.

Viðbrögð: Markmið framkvæmdar er að efla þá starfsemi sem þegar er á ípróttasvæðinu sem og að stuðla að fjölbreyttari notkun svæðisins. Uppbygging á ípróttasvæðinu er mikilvæg og liggja fyrir skýrir hagsmunir til að bæta þjónustu við íbúa og aðgengi að henni. Markmiðið er að styrkja þá starfsemi sem þegar er til staðar á svæðinu á hagkvæman hátt með því að nýta núverandi innviði sem best, s.s. gatnagerð, veitukerfi og skólaþjónustu. Valkostur um uppbyggingu ípróttasvæðis annars staðar í Hafnarfirði samræmist ekki markmiðum framkvæmdar.



Umsögn segir:

Í álit skipulagsstofnunar kemur fram:

„Þar skiptir meginmáli að komi til þess að rask vegna framkvæmdanna hafi áhrif á lekt hraunsins kann það að valda auknu afrennsli af svæðinu og þ.a.l. hafa í för með sér að varanlega lækkun á vatnsyfirborði tjarnarinnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lífríki og verndargildi Ástjarnar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig hægt sé að tryggja að ekki verði jarðrask neðan grunnvatnsyfirborðsins eða hvaða afleiðingar það hefur í för með sér. Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á að fyrirliggjandi rannsóknir á vatnafari eru tæplega 20 ára gamlar og töluverð uppbygging hefur orðið á svæðinu í kringum Ástjörn á þeim tíma sem kallar á nýjar rannsóknir.“

“Með hliðsjón af framangreindu verður að gera verulega ríkar kröfur um mat á þessum þáttum í matsáætlun, sbr. einnig áður nefnd 61. gr. náttúruverndarlaga. Í þessu sambandi fær fyrirliggjandi matsáætlun algjöra fallelkunn.

Í matsáætlun er fjallað um að gröftur framkvæmdar nái ekki niður að hæsta grunnvatnsyfirborði tjarnarinnar og ekki talin hætta á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á lekt stemmisins, og þar af leiðandi ætti flæði grunnvatns úr Ásbjörn að haldast óbreytt (gröftur verði 50 cm yfir áætlaðri hæstu grunnvatnsstöðu Ástjarnar). Þetta er fullyrt í matsáætlun án þess að athugun hafi farið fram, hún sé boðuð eða vísað til heimilda fyrir því að 50 cm haldi. Hvergi er sagt frá því á hverju þessir 50 cm byggja. Það að fjalla í matsáætlun um fyrirkomulag lagna og hvort þær fari undir kvaðir um kóta er ekki nægilegt og gefur engin líkindi fyrir því að þetta verndi tjörnina og vatnsyfirborð tjarnarinnar sem er verndað í friðlýsingu og lögum. Hafa ber í huga að fyrir hendi þarf að vera brýn nauðsyn til að fara í svona framkvæmdir og gerðar miklar kröfur í tilviki sem þessu. Af þessu leiðir að gerðar eru ríkar kröfur til þess að meta þennan þátt gaumgæfilega.”

„Matsáætlun þarf að fjalla um og vísa til rannsókna að 50 cm í svona tilvikum tryggja að ekki verði jarðrask neðan grunnvatnsyfirborðsins eða hvaða afleiðingar það hefur í för með sér. Útskýra þarf hvaða rannsóknir á að grípa til með það fyrir augum að skoða hægt sé að koma í veg fyrir áhrifin og hvort þetta sé nægilegt,..“

Viðbrögð: Við undirbúning framkvæmda hafa verið boraðar 16 holur til að kanna undirstöður knatthússins. Niðurstöður sýna að fyllingin undir vellinum var milli 0,6 – 1 m á þykkt og þar fyrir neðan var þétt og fín hraunklöpp. Við hönnun er áhersla lögð á að jarðvinna fari ekki undir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar í þeim tilgangi að hafa ekki áhrif á lekt jarðlaganna. Framkvæmdir og þau mannvirki sem þeim fylgja eru ekki að fara að hafa áhrif á jarðlög sem liggja fyrir neðan þeirra sem raskað verður. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum úr jarðtækniskýrslu á svæðinu í umhverfismatskýrslu sem er byggð niðurstöðum úr tilraunaborholum og kortlagningu á svæðinu. Þá verður einnig gerð grein fyrir því hvernig verður staðið að jarðvinnu á svæðinu og hvaða kröfur verða gerðar til að tryggja að ekki verður farið niður fyrir hæstu vatnsstöðu Ástjarnar.

Mótvægisáðgerðir verða endurskoðaðar þegar rannsókn og frekar gagnaöflun hefur verið lokið og nánari upplýsingar um hvernig verður tryggt að jarðrask sé takmarkað eins og mögulegt er. Nánar verður fjallað um þessi þætti í umhverfismatskýrslu. Sjá einni svar við athugasemd Landverndar (8)



Umsögn segir:

„Þá er gerð athugasemd við að mælingar á vatnsborð Ástjarnar eigi eingöngu að framkvæma til „a.m.k.“ febrúar 2022 (frá júní 2021). Þessi tímarammi er óljós og uppfyllir ekki skilyrði um umfjöllun um aðferðarlýsingar í matsáætlun. [...] Til að fá markverðar niðurstöður verður tímabilið að vera lengra eða a.m.k. í 1,5 ár. Hér má nefna að fyrri rannsóknir náðu yfir lengra tímabil (1,5 ár). Toppur voru t.d. eftir febrúar í fyrri rannsókn (sjá töflu 6.1. í matsáætlun) sem einnig styður að þörf er á miklu lengra tímabili á mælingum.

Þá eru engar upplýsingar í matsáætlun um hvar mælingar fara fram í tjörninni eða hverjir standa að þeim, sbr. skilyrði bls. 22 í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (2005). Þá kemur ekkert fram í matsáætlun um hvaða aðferðum er beitt eða hvernig fyrirhugað er að setja niðurstöðurnar fram í umhverfismatskýrslu.“

Viðbrögð: Í matsáætlun kemur fram að um áframhaldandi mælingar er um að ræða og í umhverfismatskýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum vöktunar fyrir júní 2021 til a.m.k. febrúar / mars 2022 og þær bornar saman við fyrri mælingar frá árunum 2002 og 1995. Það fyrirkomulag nær yfir þann tíma sem Ástjörn er í hæstu stöðu samkvæmt fyrri mælingum. Mælingar og mat á umhverfisáhrifum er unnið af VSÓ Ráðgjöf.

Umsögn segir:

“Það er fráleitt að ræða um mótvægisáðgerðir í matsáætlun þegar fullnægjandi mat á umhverfisáhrifum hefur ekki farið fram. Í matsáætlun á að upplýsa um að í umhverfismatskýrslu framkvæmdaáðila verði settar fram tillögur um raunhæfar mótvægisáðgerðir. Vísast um þetta til fyrri umfjöllunar í kafla 1 hér að framan í umsögninni.

Viðbrögð: Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda skal „upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir, eftir því sem við á.“ Einnig er tilgreint undir 10. gr. fyrrnefndrar reglugerðar að „upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir, eftir því sem við á [...] mótvægisáðgerðum. Ákveðnar mótvægisáðgerðir eru því mótaðar við matsskyldufyrirspurn sem verða endurskoðaðar þegar rannsókn og frekar gagnaöflun hefur lokið. Greint verður nánar frá þeim í umhverfismatskýrslu, sbr. 15. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sem segir: „Lýsing á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á.“

Umsögn segir:

*Aðrar athugasemdir við kafla sem tengjast framangreindu bein eða óbeint:
Matsspurningar sem fram koma á bls. 18 – 19 eru ekki í samræmi við lög. Þannig gera matsspurningar ekki skýran greinarmun á mati*

annars vegar á umhverfispáttum á breytingu deiliskipulagsins til framtíðar (t.d. áhrif á vistkerfi, dýralíf, sjónræn áhrif og verndargildi svæðisins sem friðlands og fólksvangt o.s.frv.) og

hins vegar þátta á meðan framkvæmd stendur.

Þessi greinarmunur er ekki gerður og taka matsspurningar eingöngu mið af „mengun á framkvæmdartíma“. Þetta of þröng nálgun og er með öllu óásættanlegt og ekki í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar, þar sem ein af megin forsendum fyrir mati á umhverfisáhrifum er áhrif „af byggingu ípróttahúss af þessari stærð við mörk friðlandsins



á verndargildi og lífríki Ástjarnar og næsta nágrennis. [...] Í ljósi umfangs íþróttahússins og nálægðar við hið friðlýsta svæði kunna sjónræn áhrif að verða töluverð.

Skipulagsstofnun telur að skoða þurfi áhrif af staðsetningu íþróttahúss í samræmi við gildandi deiliskipulag, fjær friðlandsmörkunum, og bera saman umhverfisáhrif þessara tveggja valkosta.“

Viðbrögð: Matsáætlunin er unnin í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og byggir á ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Fyrir hvern umhverfisþáttur sem talið er að gæti helst orðið fyrir áhrifum, þegar tekið er tillit til allra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar miðað við fyrirliggjandi vitneskju eru mótaðar matsspurningar. Matsspurningar eru til hliðsjónar við rannsóknir á umhverfisþáttum og við mat á áhrifum framkvæmda. Nálgun matsspurninga er ekki tilgreint í lögnum, hvorki í reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda né í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Varðandi ákvörðun Skipulagsstofnunar, í mat á umhverfisáhrifum verð umhverfisþættir tveggja valkosta skoðaðir og bornir saman við núllkost en valkostur B er staðsettur fjær friðlandi Ástjarnar. Sjá einnig svar við umsögn Umhverfisstofnunar (7) og Björn Ól. Gíslason o.fl. (10).

Umsögn segir:

„Þá er óskiljanlegt hvernig matsspurning um þörf á því að „verja mannvirki valkosta gegn vatni ef vatnsyfirboð Ástjarnar hækkar“ eigi heima í umhverfisskýrslu skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Lögin og skyldan taka ekki til mats á áhrifum umhverfis á framkvæmd sem slíka, heldur öfugt. Undirrituð áttar sig ekkert á hvert sveitarfélagið er að fara í þessum efnum og krefst að þetta sé skýrt betur, eyða eytt út úr áætluninni.“

Viðbrögð: Eðlilegt er að skoða og fjalla um utanaðkomandi þætti sem kunna að hafa áhrif á útfærslu á fyrirhuguðum framkvæmdum. Gera þarf grein fyrir hvort þurfi að fara í aðgerðir, með tilheyrandi raski, til að koma í veg fyrir flóð úr Ástjórn hafi áhrif á mannvirki. Sjá einnig svar við umsögn Landverndar (8).

Umsögn segir:

“Engin mynd er sett fram eða metin af byggð í Áslandshverfinu t.d. neðstu húsum. Þetta er ófullnægjandi enda næsta byggð þar. Gera þarf þetta fyrir alla þrjá valkostina, A, B og núllkost. [...] Í viðmiði bls. 22 vantar umfjöllun um Friðlýsingar um Ásland, enda áhrifa að gæta innan þess, t.d. skuggi og sjónræn upplifun í fólkvangi. Þegar staðið er svo nálægt mannvirkinu eins og í valkosti A þá er það eins og að standa upp við margra hæða risa fjölbýli. Hvernig fer það saman við verndargildi svæðisins? Matsáætlun þarf að setja fram lýsingu á því hvernig þetta verður metið sbr. skýra ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021 um að mannvirkið kunni að valda töluverðum sjónrænum áhrifum og meta eigi áhrif á verndargildi Ástjarnar og fólkvangsins. Matsáætlun fjallar ekkert um þetta og gerðar um það verulegar athugasemdir.”

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslunni verður gerð grein fyrir mögulegri ásýnd svæðis að framkvæmdum loknum með ásýndarmynd sem sýna mögulega ásýnd svæðis frá næstu byggð við tjörn, eftir að framkvæmdum lýkur. Í kjölfar athugasemda verða staðsetning ásýndarmynda endurskoðuð, útbúnar verða slíkar myndir fyrir báða valkosti.

Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á hver sjónræn áhrif valkosta verða frá t.a.m. útivistarsvæði við tjörnina. Sjá einnig svar við umsögn Umhverfisstofnunar (7).



Umsögn segir:

“Þá eru gerðar aðrar athugasemd við umfjöllun matsáætlunar í þessum kafla (fuglalíf). Hafa ber í huga að mat á umhverfisáhrifum tekur ekki eingöngu til mats á áhrifum á framkvæmdartíma heldur einnig af starfsemi og tilvist mannvirkisins, þ.e. til framtíðar. Ljóslega er umfjöllun matsáætlunar verulega áfátt um framangreint og eingöngu einblínt á framkvæmdartímann. Þetta gengur allof skammt sbr. áður nefnda ákvörðun Skipulagsstofnunar. T.a.m. er ekkert fjallað um hvernig á að meta áhrif skugga eða t.d. aukinna vinda á fuglalíf á friðlandinu.”

Viðbrögð: Gert verður grein fyrir niðurstöðum úr gagnaöflunar fuglasérfræðings varðandi hver eru líkleg áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf í umhverfismatsskýrslu.

Umsögn segir:

“Ábending undirritaðrar er að óæskilegt sé að skilja í sundur mat á áhrifum framkvæmdar á vatnsflæði annars vegar og á fuglalíf og lífríki við tjörnina hins vegar. Þetta eru órjúfanlegir og samverkandi þættir. Meta þarf þessa hluti sjálfstætt en svo leggja á þetta heildarmat þ.e. horfa þarf á þessa þætti saman en ekki aðskilið. Frá þessu verður heldur ekki skilið að leggja mat á áhrif framkvæmdar á verndargildi svæðisins sem friðlands og fólkvangs.”

[..]

“Ekki er hægt að meta umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti nema við matsvinnuna sé gerð rannsókn á lífríkinu og áhrifum framkvæmdarinnar og mannvirkisins á það, beint eða óbeint (vegna áhrifa á vistkerfi, vatn, dýralíf og gróður).”

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmdar á Ástjörn og lögð áhersla á að meta áhrif framkvæmdar á Ástjörn sem heild, vatnafar þess, vistgerðir og lífríki. Sjá einni svar við umsögn Hafrannsóknarstofnunar (5) og Umhverfisstofnunar (7).

Umsögn segir:

“Ekkert er þannig vikið að lýsingu af bílastæðum og áhrifa þeirra á umhverfið og verndargildi svæðisins fyrir lífríki og sem fólksvangs og fyrir íbúða. Þetta er ófullnægjandi. Þetta þarf að skoða og útskýra hvernig það er skoðað. Mat þarf einnig að fara fram samkvæmt núllkosti.”

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir staðsetningu lýsingar auk notkunar tíma þeirra. Niðurstöður verða birtar í umhverfismatsskýrslu og lagt mat á möguleg áhrif frá lýsingunni. Sjá einnig svar við athugasemd frá Hafrannsóknarstofnunar (5).

Umsögn segir:

Meta þarf einnig t.d. áhrif mögulegra aukinna vinda og breytts veðurfars fyrir svæðið og upplifun fólks, skugga af hýsinu og lýsingu t.d. af bílastæðum og völlum. Meta þarf út frá núllkosti einnig.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslunni verður gerð grein fyrir hvar skuggavarp mun gæta vegna mannvirkisins. Niðurstöður verða settar fram sem myndir. Sjá einnig umsögn frá Umhverfisstofnunar (7) og Birni Ól. Gíslasyni o.fl. (10).



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2021
MÍ202112-0068/ 6.07 / K.M.

Efni: Uppbygging á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 25. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindar framkvæmdar.

Í matsáætlun kemur fram að Ásvellir eru íþróttasvæði Hauka í Vallahverfi í Hafnarfirði. Íþróttasvæðið er í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Uppbygging íþróttamannvirkja hefur átt sér stað á svæðinu síðustu áratugi. Svæðið er um 16 ha að stærð og afmarkast af Ásbraut í vestri og norðri en íþróttahúsum og leikvöllum í austri og náttúrsvæðum í suðri. Þegar er á svæðinu íþróttamiðstöð, vallahús, sundlaug, gervigrasvöllur, grasvöllur og æfingavellir ásamt tilheyrandi mannvirkjum í tengslum við vellina, bílastæði og gatnagerð.

Áformuð er fekari uppbygging á Ásvöllum. Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að hluti fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða byggingu fjölnota knatthúss og gerð fjögurra æfingavalla.

Í matsáætlun segir að í mati á umhverfisáhrifum verði bornir saman tveir valkostir, A og B, og núllkostur, þ.e. óbreytt ástand og að ekki verði af framkvæmdum. Samkvæmt valkosti A verða mannvirki staðsett í samræmi við aðalskipulag og yfir standandi deiliskipulagsvinnu. Valkosturinn gerir ráð fyrir að knatthús sé staðsett nyrst á athugunarsvæðinu og æfingasvæði verði staðsett sunnan við núverandi gervigrasvöll. Valkostur B gerir ráð fyrir staðsetningu mannvirkja samkvæmt fyrra deiliskipulagi frá árinu 2010. Valkosturinn gerir ráð fyrir að knatthús sé staðsett sunnan við núverandi gervigrasvöll og æfingasvæðis er staðsett nyrst á athugunarsvæðinu. Báðir valkostirnir gera ráð fyrir því að syðst á svæðinu verði þrjú æfingavellir.

Fjallað er um fornleifar í kafla 6.5 í matsáætlun. Þar segir að samkvæmt fornleifaskráningu frá 1996 séu tvær fornleifar innan athugunarsvæðisins. Annars vegar fjárhústóftir, syðst á svæðinu milli tveggja æfingasvæða og hins vegar grjóthlaðið fjárbyrgi sem staðsett sé í jaðri hraunkants.

Í matsáætlun kemur fram að í kjölfar ábendinga frá Minjastofnun Íslands um matsskyldufyrirspurn, þar sem bent var á ranga staðsetningu fjárhústófta, hafi uppdrætti verið breytt og ákveðið að breyta fyrirkomulagi knattvalla, m.a. til að

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðili var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.


tryggja að fjárhústóft raskist ekki. Vegna staðsetningar fjárbyrgisins verði það ekki fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á íþróttasvæðinu. Þá segir að til að tryggja að ekki verði rask á fornleifum á framkvæmdatíma verða þær merktar og öryggissvæði afmarkað. Loks kemur fram að valkostir séu ekki taldir breyta einkennum fornleifa á svæðinu eða rýra verndargildi þeirra.

Í umsögn Minjastofnunar um matsskyldufyrirspurn fyrr á þessu ári kom fram að fyrir lögju fornleifaskráningar á svæðinu frá 1996 og 2005. Þessar skráningar væru barns síns tíma og uppfylltu ekki kröfur sem gerðar væru til fornleifaskráningar í dag. Minjastofnun Íslands taldi því að fá þyrfti fornleifafræðing til að uppfæra skráningu fornleifa innan íþróttasvæðisins á Ásvöllum.

Nýlega kom út skýrsla Byggðasafns Hafnarfjarðar, *Fornleifaskráning Hafnafjarðar VIII. Ásland*. Í skýrslunni er gerð grein fyrir skráningu fornleifa á jörðinni Áslandi. Íþróttasvæðið á Ásvöllum er í landi Áslands. Með skýrslunni er búið að uppfylla kröfu Minjastofnunar um uppfærslu fornleifaskráningar á íþróttasvæðinu á Ásvöllum. Fjárhústóftin (2658-35) og fjárbyrgið (2658-60) hafa nú verið mæld upp og staðsett að nýju. Ekki fundust fleiri fornleifar innan svæðisins.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Sigurður Ásbjörnsson (sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun.
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 21. desember 2021
Tilvísun: K-16920

Umsögn um:

Áformaða uppbyggingu á ípróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði

Þann 25. nóvember 2021 barst heilbrigðiseftirliti erindi frá Skipulagsstofnun í samræmi við 21. grein laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskað var umsagnar heilbrigðisnefndar um tillögu að matsáætlun, sem VSÓ ráðgjöf vann fyrir Hafnarfjarðarbæ: *Uppbygging á ípróttasvæði Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði*. Skýrslan er dagsett nóvember 2021. Frestur til að veita umsögn er til 28. desember 2021.

Skipulagsstofnun óskar eftir að umsagnaraðili/leyfisveitendur geri grein fyrir leyfum sem eru á starfssviðum þeirra. Á byggingartíma er heilbrigðisnefnd ekki ætlað að hafa eftirlit eða veita starfsleyfi nema komi til þess að starfsmannabúðir að mótuneyti verði rekin á svæðinu. Rekstur ípróttasvæða, og þá meðtalið áformað knatthús, er hins vegar leyfisskylt hjá heilbrigðisnefnd og þá sérstaklega á grundvelli hollustuháttareglugerðar og laga um matvæli.

Þá óskar Skipulagsstofnun eftir áliti umsagnaraðila um fyrrgreinda tillögu að matsáætlun. Að umsagnaraðilar rýni ýmsa þætti á borð við skilgreiningu valkosta, gagnaöflun og fl. þætti er varða framsetningu umhverfismatsskýrslu.

Umsögn heilbrigðisnefndar.

Ástjörn og svæði umhverfis hana var friðlýst árið 1978. Í desember 1996 var verndarsvæðið stækkað með stofnun fólkvangs við Ástjörn og vesturhluta Ásfjalls. Með samningi við Umhverfisstofnun fékk Hafnarfjarðarbær (náttúruverndarnefnd Hafnarfjarðar) heimild til að annast framkvæmd friðlýsingar. Þá var Ástjörn metin sem einstætt náttúrufyrirbæri, sem enga hliðstæðu ætti í næsta nágrenni. Við tjörnina væri eina flórgoðavarpíð á Suðvesturlandi enda snúa flest ákvæði friðlýsingarinnar að verndun fuglategundarinnar. Með aukinni byggð í námunda við tjörnina hefur öll umferð fólks við tjörnina óhjákvæmilega aukist og þá um leið álag á vistkerfi hennar. Það gefur tilefni til að endurskoða framkvæmd friðlýsingar Ástjarnar.

Skýrsla VSÓ er unnin fyrir Hafnarfjarðarbæ. Áhrifasvæði boðaðrar framkvæmdar nær til friðlýsts svæðis Ástjarnar. Í umsögn þessari verður fjallað um eftirtalda þætti; valkosti (bls. 4 í skýrslu VSÓ), vatnafar Ástjarnar (bls. 14 í skýrslu VSÓ), fuglalíf (bls. 24 í skýrslu VSÓ) og mótvægisaðgerðir (bls. 12 í skýrslu VSÓ).

Valkostir. Lög nr. 111/2021 ætlar framkvæmdaaðila að bera saman raunhæfa kosti með tilliti til umhverfisáhrifa. Aðferðafræði til að finna ásættanlega lausn en raskar sem minnstu. Þessa kosti á síðan að bera saman við núll-kost, þ.e. ef ekki yrði farið í viðkomandi framkvæmd. Í þessu tilviki kemur það vart til greina því fyrir liggur, sbr. skýrslu VSÓ að slík ákvörðun uppfyllir ekki þarfir eða

markmið um að auka íþróttastarfsemi né þau áform að auka framboð íbúðarhúsnæðis á svæðinu. Í raun gildir það sama um kost B í skýrslu VSÓ. Sá kostur vísar til deiliskipulags frá 2010 sem hefur þegar eða sterkur vilji er til að fella úr gildi því sá kostur hindrar aukið íbúðamagn á svæðinu. Kostur B er því ekki raunhæfur.

Greining valkosta þar sem í raun er aðeins einn valkostur er til skoðunar er ekki í anda laganna nr. 111/2021. Framkvæmdaraðili, skýrsluhöfundar verða að leggja fram aðra kosti til að bera saman við kost A. Aðrir kostir sem koma ættu til skoðunar eru aðrar gerðir eða stærðir á íþróttamannvirkinu og aðrar útfærslur s.s. er varðar nálægð við Ástjörn. Meta ætti hvort minna mannvirki myndi ekki fullnægja raunverulegri þörf samfélagsins fyrir knattþús. Ef svo væri hvort það myndi valda minna álagi innan friðlandsins og minni líkum á röskun á grunnvatnsflæði. Heilbrigðisnefnd telur að fjölga þurfi valkostum í matsáætlun.

Vatnafar Ástjarnar. Þessi þáttur fær töluverða umfjöllun í drögunum enda mjög mikilvægur. En áformuð umfjöllun eins og henni er lýst í skýrslunni mun ekki svara þeirri áleitnu spurningu hvort framkvæmdir við og fargið sem því fylgir að reisa 9.900m² byggingu með 25 metra mænishæð auk 900 m² samtengdrar þjónustubyggingar ofan á tveimur hraunlögum frá nútíma, geti haft áhrif á lekt jarðlaganna á byggingartíma eða eftir að honum lýkur. Það er fullyrðingin sem kemur fram í meðfylgjandi tilvitnun sem þarf að rýna:

„Þar sem gróftur framkvæmdarinnar nær ekki niður að hæsta grunnvatnsyfirborði er ekki talin hætta á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á lekt stemmisins, og þar af leiðandi ætti flæði grunnvatns úr Ástjörn að haldast óbreytt.“ (bls. 17, undirstrikun er HHK)

Heilbrigðisnefnd telur að útvíkka þurfi aðra matsspurninguna í vatnafarskaflanum; „Getur jarðvinna vegna valkosta aukið flæði úr Ástjörn til austurs og lækkun á grunnvatnsstöðu“ (bls. 18, Sennilega ritvilla, ætti standa til vesturs en ekki til austurs, undirstrikun er HHK.)

Heilbrigðiseftirlitið áréttar að það hefur ekki aðkomu að framkvæmdum á svæðinu. Viðmið um reglugerðir bls. 19, eru sótt í lög nr. 7/1998 en báðar nefndar reglugerðir, sem tengdar eru lögnum, eru brottfallnar. Leita mætti viðmiða í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þá mætti í kafla um fyrirliggjandi gögn tiltaka rannsóknarskýrslu sem Tryggvi Þórðarson vann 2010 fyrir Hafnarfjörð; Mengunarflokkun á Ástjörn.

Fuglalíf. Ástjörn er friðlýst vegna flórgoðans. Eina fuglategundin á Íslandi sem verpir í flothreiður. Flórgoði hefur verið á valista um langt árabil. Stofninum hrakaði verulega á 20. öld og var um 1990 kominn niður í um 300 pör á landinu. Þegar Ástjörn var friðlýst 1978 var eina flórgoðavarpíð á Suðvesturlandi sagt vera þar að finna en svo er ekki í dag. Stofninn hefur nokkuð reist við víða um land síðan þá. Megin hluti stofnsins er sem fyrr á Norðausturlandi en strjállega varp annars staðar. Líkur hafa verið leiddar að því að þungamiðja varpsins á Suðvesturlandi hafi eða sé að færast yfir á Vífilsstaðavatn. Á undanförunum árum hefur a.m.k. borðið meira á honum á öðrum

vötnum á Suðvesturlandi en á Ástjörn, s.s. á Vífilsstaðavatni, Rauðavatni og Leirtjörn á Mosfellsheiði.

Í skýrslu VSÓ er sagt að flórgoðavarpíð á Ástjörn hafi verið svipað að styrkleika frá 1954 (frá því talningar hófust innskot HHK.). Nokkuð árvissar talningar á flórgoða fóru fram á Ástjörn á árunum frá 1954 og inn á tíunda áratuginn en líklega sjaldnar eftir það. Í skýrslu sem Ólafur K Nielsen líffræðingur vann fyrir Hafnarfjörð og Garðabæ 1993 (*Fuglalíf við vötn ofan Hafnarfjarðar og Garðabæjar*) er birt tafla um árlegar talningar á Ástjörn. Á nokkurra ára fresti hefur Náttúrufræðistofnun látið telja vatnafugla vítt um land yfir sumarið. Slík talning fór fram s.l. sumar. Þá sáust flórgoðar á Ástjörn yfir sumarið, mis margir milli mánaða. Eitt hreiður fannst vestanvert við vatnið (munnlegar heimildar) en voru hugsanlega fleiri. Óvíst er hvort ungar komust upp á Ástjörn s.l. sumar (og sama gildir um sumarið 2020, munnlegar upplýsingar). Umferð gangandi og hjólandi fólks við varpstaðinn var mikil sem og lausaganga hunda en veður voru líka flórgoða óhagstæð s.l. sumar. Það verður að setja ákveðinn fyrirvara við þá staðhæfingu í skýrslu VSÓ að flórgoðavarpíð við Ástjörn hafi verið svipað að styrkleika frá 1954.

Fram kemur í kaflanum að fenginn verður fuglasérfræðingur til að safna gögnum og leggja mat á áhrif valkosta á fuglalíf innan framkvæmdasvæðis og Ástjarnar. Er það vel. Heilbrigðisnefnd telur að þess megi gæta skýrar í matsskýrslu að friðlýsing Ástjarnar er í grunninn friðlýsing á búsvæði flórgoðans.

Mótvægisáðgerðir. Engar efnislegar athugasemdir eru gerðar við þennan kafla. Það er ljóst að vægi hans mun aukast þegar fleiri en einn raunhæfur valkostur kemur til skoðunar. Í kaflanum er til tekið að mótvægisáðgerðir nái bæði til hönnunartíma, framkvæmdatíma og að loknum framkvæmdum. Með vísan til þess síðast talda og til þess að aukin byggð og stór aukin umferð almennings vegna aukinnar íþróttastarfsemi í næsta nágrenni við Ástjörn verði að boðaðri framkvæmd minnir heilbrigðisnefnd á að endurskoðun á framkvæmd friðlýsingar gæti verið hluti af mótvægisáðgerðum.

F.h. heilbrigðisnefndar



Hörður Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
bt. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
sigurdur.asbjornsson@skipulag.is skipulag@skipulag.is

Dags. 21.12.2021
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2021-0088
0.5.1

Með erindi dags. 25. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu að matsáætlun varðandi fyrirhugaða uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við tillögu þessa.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. desember 2021
Tilvísun: 202111-0037
SS
SS

Efni: Umsögn um matsáætlun um uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 25. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun um fyrirhugaða uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsskyldu framkvæmdarinnar þann 5. maí 2021. Það var mat Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdin ætti að fara í mat á umhverfisáhrifum og var það einnig niðurstaða Skipulagsstofnunar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögu að matsáætlun, telur að áætluð framkvæmd umhverfismatsins sé skynsamleg, en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

- Grundvallaratriði í umhverfismatinu er að meta hvort hætta sé á að framkvæmdirnar rýri náttúruverndargildi friðlandsins og fólkvangsins við Ástjörn. Horfa þarf því sérstaklega til þess markmiðs að áfram verði hægt að uppfylla skilmála og reglur friðlýsingarinnar og meta þarf hvernig framkvæmdirnar hafi áhrif á það markmið. Á það bæði við um óafturkræf áhrif t.d. rask en einnig áhrif vegna truflunar á framkvæmdatíma og af rekstri íþróttamannvirkja miðað við áformaðar staðsetningar.
- Í kafla um áhrif á jarðminjar kemur fram að óumflýjanlegt sé að raska nútímahrauni sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og að það sé mat sveitarfélagsins að hagsmunir til að bæta þjónustu við íbúa og aðgengi að íþróttasvæði Hauka vegi þyngra en verndun hrauns. Ekki er fjallað um neinar mögulegar mótvægisáðgerðir í þessu samhengi nema að takmarka raskið eins og hægt er. Möguleg mótvægisáðgerð væri t.d. að tryggja langtímaverndun nútímahrauns á öðrum svæðum innan sveitarfélagsins til að bæta upp það sem tapast undir framkvæmdir en mikið af nútímahrauni hefur verið raskað í Hafnarfirði vegna uppbyggingar á síðustu árum. Náttúrufræðistofnun telur að fjalla mætti um mótvægisáðgerðir af þeim toga í umhverfismatinu.
- Jákvætt er að hafin sé vöktun á grunnvatnsstöðu Ástjarnar og mikilvægt að reynt sé að spá fyrir um möguleg áhrif framkvæmdanna á grunnvatnsrennsli á svæðinu. Fram kemur í matsáætluninni að gröftur framkvæmdarinnar muni ekki ná niður að hæsta grunnvatnsyfirborði en ekki er greint nánar frá þessu. Mikilvægt er að fjallað sé




nákvæmlega í matsskýrslunni hvernig áætlaður gröftur á framkvæmdasvæði verði þannig að sýnt sé fram á að fylgt sé ráðleggingum sem eiga að vernda lekt jarðlaga á svæðinu og þannig raska ekki vatnafari Ástjarnar.

- Í kafla um fuglalíf segir að eina flórigoðavarpíð á Suðvesturlandi sé við Ástjörn. Það var lengi vel svo en flórigoða hefur fjölgað í landshlutanum undanfarin ár og varp hans verið staðfest á fleiri vötnum t.d. Elliðavatni, Rauðavatni og Vífilsstaðavatni.
- Jákvætt er að ekki eigi að framkvæma á varptíma fugla sem og forðast notkun flóðljósa á þeim tíma. Taka mætti til betri skoðunar áhrif hávaða á fuglalíf á rekstartíma knatthúss og íþróttavalla.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari samráðs og ráðgjafar og mun veita umsögn um umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar þegar hún verður auglýst.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 3.1.2022
MFRI: 2021-11-0353

Efni: Tillaga að matsáætlun – íþróttasvæði Hauka

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 25. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um tillögu að matsáætlun vegna íþróttasvæðis Hauka í Hafnarfirði skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Skipulagsstofnun óskar eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/200 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Til stendur að reisa fjölnota knatthús og fjóra æfingavelli Ásvöllum í Hafnarfirði.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á hrauni og mun liggja að friðlandsmörkum Ástjarnar. Ástjörn og aðliggjandi svæði þar á meðal votlendið í kringum hana, var friðlýst árið 1978 (auglýsing nr. 189/1978)¹ vegna náttúruvafars. Verndarsvæðið var síðan stækkað 1996 með stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall (auglýsing nr. 658/1996)². Skilgreining á verndarsvæðinu er: „Ástjörn er u.þ.b. 4,71 ha að stærð. Bakkar tjarnarinnar eru raklendir og að norðaustanverðu er stórt mýrarstykki niður undan gamla Ásbænum en mýrlendið við tjörnina er samtals 8,46 ha að stærð“³.

Samkvæmt lýsingu í fyrirliggjandi matsáætlun felur framkvæmdin í sér byggingu 9.900 m² fjölnota knatthúss auk 900m² samtengdri þjónustubyggingu. Þá gerir áætlunin ráð fyrir byggingu

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/astjorn_189_1978.pdf

² https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/asfjall_658_1996.pdf

³ Gunnar Ólafsson og Guðríður Þorvarðardóttir, 1998. Náttúrufræðingurinn, 67. árg. 1997-1998, 3.-4. tbl. bls. 275-286.

fjögurra æfingarvalla á svæðinu. Í matsáætluninni eru tilteknir þrjár valkostir; valkostur A og B auk núllkostar. Síðastnefndi kosturinn felur í sér óbreytt ástand og að ekki verði farið í framkvæmdir. Hinir tveir kostirnir byggjast á mismunandi staðsetningu knatthúss og eins af fjórum æfingavöllum. Valkostur A gerir ráð fyrir að staðsetning mannvirkja verði í samræmi við aðalskipulag og yfirstandi deiliskipulagsvinnu. Þar er gert ráð fyrir að knatthúsið verði byggt nyrst á svæðinu og einn af fjórum æfingavöllum verði sunnan við núverandi gervigrasvöll. Í valkosti B er gert ráð fyrir knatthúsi sunnar eða þar sem gert er ráð fyrir æfingavelli í valkosti A og æfingavöllurinn verði nyrst, þar sem gert er ráð fyrir knatthúsi í valkosti A. Í raun er verið að víxla staðsetningum knatthúss og eins af æfingavöllum í þessum tveimur kostum. Syðst á skilgreindu athugunarsvæði sbr. matsáætlun, er gert ráð fyrir þremur æfingavöllum.

Í áður nefndri auglýsingu nr. 189/1978 í B hluta Stjórnartíðinda um friðlýsingu Ástjarnar við Hafnarfjörð ásamt aðliggjandi svæðis er tilgreint að eftirfarandi reglur gildi um svæðið:

1. *Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis [Umhverfisstofnunar].*
2. *Óheimilt er að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatnasviði hennar efni sem skaðað geta gróður eða dýralíf á svæðinu.*
3. *Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Á varptíma (1. maí - 15. júlí) er umferð um svæðið óheimil.*
4. *Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.*
5. *Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.*

Athugasemdir Hafrannsóknarstofnunar um stækkun íþróttasvæðis Hauka við Ástjörn í Hafnarfirði beinast aðallega að tveimur þáttum sem eru: 1) hugsanleg áhrif á vatnafar sem gætu síðan haft áhrif á vatnsborð Ástjarnar og aðliggjandi votlendis og 2) hugsanleg áhrif frá útilýsingu (t.d. flóðlýsingu) á vistkerfi Ástjarnar og aðliggjandi votlendis. Hér að neðan verður frekar gerð grein fyrir þessum þáttum auk sértækra athugasemda.

Grunnvatns- og yfirborðsrennsli

Hafrannsóknastofnun tekur undir mat Skipulagsstofnunar um að ein af helstu áhrifum framkvæmdarinnar gætu verið á afrennsli af svæðinu og þar með gæti vatnsstaða Ástjarnar og aðliggjandi votlendis breyst. Í matsáætluninni er greinargóð lýsing á aðgerðum til að koma í veg fyrir að afrennsli vegna framkvæmdanna leiði til vatnsborðslækkunar í Ástjörn og aðliggjandi votlendis. Enn fremur er skýrt tekið fram að við hönnun framkvæmdarinnar verði tryggt að afrennsli frá framkvæmdasvæðinu renni ekki í Ástjörn og hindrað verði að olía og önnur mengandi efni berist í tjörnina. Hafrannsóknastofnun vill hér ítreka það sem fram kemur í áliti Skipulagsstofnunar um að lítið megi út af bera til að þessar aðgerðir verði ekki fullnægjandi.

Hafrannsóknastofnun bendir enn fremur á að í ljósi breytinga á veðurfari, sem m.a. fylgir meiri úrkomu á formi regns, er nauðsynlegt að rennsli til og frá Ástjörn sé vaktað Á mynd 6.3 með hæðarlínugreiningu af Ástjörn er gert ráð fyrir að vatnsborð hennar verði ekki hærra en u.þ.b. 21 m y.s. Fari vatnsborðið yfir 21 m y.s. er líklegt að útrennsli þess flæði til vesturs og fari þá inn á

syðstu æfingavellina. Hafrannsóknastofnun tekur þar með undir álit Skipulagsstofnunar að mikilvægt sé að nýjar rannsóknir verði gerðar á vatnafari á vatnasviði Ástjarnar auk þess telur Hafrannsóknastofnun að mikilvægt sé að gera spálíkan um hugsanlegar breytingar á vatnsbúskapnum m.t.t. veðurfarsbreytinga og fyrirliggjandi veðurfarsspálíkana.

Ljósmeðun

Gert er ráð fyrir fjórum æfingavöllum, þremur syðst á svæðinu og einum nyrst (valkostur B) eða á milli knatthúss (valkostur A) og þriggja æfingavallana syðst.

Í kafla 6.7, þar sem fjallað er um áhrif á hljóðvist og lýsingar, er m.a. sagt að miðað sé við að flóðljós séu almennt ekki í notkun yfir sumartímann og að slökkt verði á þeim í síðasta lagi klukkan 22:00 á virkum dögum og fyrr sé það hægt. Enn fremur segir í þessum sama kafla að flóðljós verði ekki sett upp við æfingavelli og stefnt sé að því að haga skipulagi þannig að álag á æfingavöllum sé dags daglega frá kl. 10-22 og 10-19 um helgar. Að mati Hafrannsóknarstofnunar er ekki ljóst um hvaða mánuði er átt við þegar talað er um sumartímann. Væntanlega er það tímabilið frá maí til september en gera þarf grein fyrir þessu atriði. Enn fremur er óljóst hvar flóðljósin verði notuð, ef ekki á að nota þá við æfingavellina. Í því ljósi er óljóst hvaða lýsing verður notuð á æfingavöllum ef ekki á að nota flóðljós þar og þeir nýttir daglega kl. 10-22 og 10-19 um helgar, væntanlega allt árið um kring.

Hafrannsóknastofnun leggur til að betur sé gerð grein fyrir staðsetningu lýsinga, hvort heldur er flóðljósa eða götu og bílastæðalýsingar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Enn fremur þarf að liggja fyrir hver mikil breyting verður á birtu miðað við núverandi skilyrði og við fulla lýsingu. Megin ástæða þessarar athugasemdar felst í hugsanlegum áhrifum vegna ljósmengunar á aðliggjandi vistkerfi, bæði í Ástjörn og aðliggjandi votlendi. Sýnt hefur verið fram á neikvæð áhrif lýsingar á ljóslotu (e: photoperiod) lífvera, bæði plantna og dýra (sjá m.a. Rich og Longcore (ritstj.) 2006)⁴.

Aðrar athugasemdir

Í kafla 4.1 segir m.a. „*tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi og í henni er mikið smádýralíf sem er þó lítt rannsakað.*“ Það er ekki allskostar rétt því Náttúrufræðistofa Kópavogs rannsakaði lífríki Hamarskotslækjar og Ástjarnar frá maí 2000 fram í mars árið eftir⁵.

⁴ Rich C, Longcore T (eds.). 2006. Ecological Consequences of Artificial Night Lighting. ISBN: 1559631295. 480 pages. Island Press. ([https://www.researchgate.net/publication/40777410 Ecological Consequences of Artificial Night Lighting](https://www.researchgate.net/publication/40777410_Ecological_Consequences_of_Artificial_Night_Lighting)).

⁵ Hilmar J. Malmquist, Erlín Emma Jóhannsdóttir og Finnur Ingimarsson. 2001. Dýralíf og efnafræði í Hamarskotslæk og Ástjörn. Náttúrustofa Kópavogs. 34 síður. <https://natkop.kopavogur.is/asset/1904/01-1-hamarskotslaekur.pdf>

Til viðbótar er rétt að benda á samantekt úr efni erinda á málþingi sem haldið var þann 30. mars 2007 í Reykjavík og bar titilinn Vötn og vatnasvið á höfuðborgarsvæðinu – ástand og horfur⁶. Í þessum erindum var m.a. fjallað um vatnafar, efnabúskap, lífríki og jarðfræði.


Í töflu 5.1 um forsendur á bak við vinsun umhverfisþátta í mati á umhverfisáhrifum er hvergi minnst á vatnalíf, einungis vatnafar. Síðarnefnda hugtakið nær á engan veginn yfir lífríki vatns og votlendis (sjá grein eftir Freysteinn Sigurðsson í ritinu Vötn og vatnasvið á höfuðborgarsvæðinu – ástand og horfur).

Í töflu 5.2 um helstu áhrifaþætti framkvæmdar er enn fremur hvergi minnst á áhrif á vatnalíf.

Í kafla 6.2 um vatnafar Ástjarnar er vísað í lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 þar sem einungis er vísað til þess að um að efnafræðilegu ástandi sé að lágmarki haldið góðu. Lögin taka í raun á því að halda vistfræðilegu ástandi vatns góðu og innan þess eru margir þættir m.a. lífrænir (vatnalíf) og eðlis-efnafræðilegir og vatnsformfræðilegir.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Jón S. Ólafsson



⁶https://natkop.kopavogur.is/assets/votn_a_hofud_Erindi_1708759.pdf (heimsótt 8.11.2021)

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. desember 2021
Tilvísun: OS2021110107/50.4.3
Verknúmer: 1040000

Efni: Tillaga að matsáætlun um fyrirhugaða uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 25. nóvember 2021, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun vegna áforma um uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Samkvæmt lýsingu í tillögunni geta áformin haft áhrif á vatnafar Ástjarnar sem er tiltölulega lítið stöðuvatn, grunnt og afrennislislaust en vatnsstaðan í tjörninni ræðst af grunnvatnsstöðu í berginu. Ástjörn er friðlýst sem friðland með vísan til 49. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, og hluti aðrennissvæðis tjarnarinnar er friðlýst sem fólkvangur við Ástjörn og Ásfjall, sbr. 52. gr. laganna.

Í erindinu er óskað eftir því að Orkustofnun fjalli um hvort stofnunin, út frá sínu starfssviði, hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum hún telji að gera þurfi frekari skil eða höfð verði sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Orkustofnun fer með leyfisveitingarvald vegna rannsókna með nýtingu í huga og/eða vegna nýtingar á grunnvatni með vísan til 4. og 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög). Sömuleiðis veitir stofnunin leyfi fyrir veitingu vatns úr farvegi, breytingu á vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni eða vatnsflæði, veitingu vatns af einni fasteign á aðra, stíflun og miðlun vatns með vísan til 7., 68., 75. og 78. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. þó ákvæða laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Miðað við lýsingu og framsett gögn í tillögu að matsáætlun á ekkert af framangreindu við um umrædda framkvæmd og hún því ekki háð leyfi stofnunarinnar.

Framangreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Orkustofnunar.

Eins og fram kemur í tillögu að matsáætlun, og nánar er rakið í ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 13. júlí 2021, um matsskyldu framkvæmdarinnar, ríkir nokkur óvissa um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnafar Ástjarnar og því talið mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu verði það mál skoðað betur og hugað að mótvægisáðgerðum vegna þessa, vöktun á vatnsyfirborði tjarnarinnar og viðbragðsáætlun um áðgerðir verði vart við breytingar á vatninu.

Í umfjöllun er nokkuð vísað til skýrslu Orkustofnunar frá 2002 og samantektar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Orkustofnunar frá 2001. Orkustofnun bendir á að árið 2003 var megin rannsóknarhluti stofnunarinnar skilinn frá við stofnun Íslenska Orkurannsóknna, ÍSOR, og vatnamælingasvið hennar fært undir nýja Veðurstofu árið 2008. Orkustofnun í dag hefur því ekkert beint rannsóknarhlutverk.

Með vísan til framanritaðs gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða tillögu að matsáætlun vegna áforma um uppbyggingu Haukasvæðis við Ástjörn í Hafnarfirði.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til erinda og/eða hugsanlegra leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. janúar 2022
UST202111-264/A.Þ.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsáætlun – uppbygging íþróttasvæðis Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 25. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Hafnarfjarðarbær (hér eftir nefndur framkvæmdaraðili) áformar uppbyggingu á Ásvöllum, íþróttasvæði Hauka í Hafnarfirði. Uppbyggingin felur m.a. í sér fjölnota knatthús að stærð 9.900 m² og fjóra æfingavelli. Í heild er svæðið um 16 ha að stærð.

Báðir valkostir sem kynntir eru í matsáætlun eru í samræmi við gildandi aðalskipulag. Valkostur B er í samræmi við gildandi deiliskipulag en skv. matsáætlun hefur verið unnin tillaga að deiliskipulagsbreytingu í samræmi við valkost A.

Íþróttasvæðið á Ásvöllum liggur upp að friðlandinu við *Ástjörn* sem var friðlýst árið 1978 sbr. auglýsingu nr. 189/1978 og fólkvangi við *Ástjörn og Ásfjall* sbr. auglýsingu nr. 658/1996.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að stofnunin hefur áður veitt umsagnir um matsskyldu framkvæmdarinnar og um skipulagstillögur fyrir svæðið.¹

Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismati verður gerð grein fyrir helstu áhrifum framkvæmdar á eftirfarandi umhverfisþætti: jarðminjar, vatnafar *Ástjarnar*, gróðurfar, landslag og áskýnd, fornleifar, fuglalíf, hljóðvist og útivist.

Samkvæmt framkvæmdaraðila eru helstu áhrifaþættir framkvæmdar umfang mannvirkja, rask, ónæði á framkvæmdartíma og mengun frá vinnutækjum.

Valkostir

Í matsáætlun kemur fram að í umhverfismati verður valkostur A (aðalvalkostur) borinn saman við valkost B (gildandi deiliskipulag) auk þess sem valkostirnir verða bornir saman

¹ *U MÁU MSF Ásvellir uppbygging íþróttasvæðis.pdf (ust.is).
Umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulag - Ásvellir - Hafnarfjarðarbær.pdf (ust.is) og
Tillaga - breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 og breyting á deiliskipulagi - íþróttasvæði Hauka - Ásvellir.pdf (ust.is)

við núllkost. Að mati Umhverfisstofnunar er lítil áhersla lögð á samanburð við núllkost en þar sem framkvæmdin hefur ekki áður farið í mat á umhverfisáhrifum er mikilvægt að umhverfisáhrif valkostanna tveggja séu borin saman við núverandi ástand. Að auki er lítil áhersla lögð á umhverfisáhrif æfingavallanna þriggja sem eru fyrirhugaðir syðst á lóðinni en mikilvægt er að metin séu umhverfisáhrif framkvæmdanna á Ásvöllum í heild sinni til að gefa rétta mynd af áhrifunum.

Friðlýst svæði

Líkt og fram hefur komið hér að framan og tekið er fram í matsáætlun liggur fyrirhugað framkvæmdasvæði upp við mörk friðlandsins *Ástjarnar* og fólkvangsins *Ástjarnar og Ásfjalls*. Á vef Umhverfisstofnunar er Ástjörn lýst sem „*einstæðu náttúrufríbærri sem á sér enga hliðstæðu í næsta nágrenni hins nær samfellda þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi. Þar er t.d. að finna eina flórgoðavarpið á Suðvesturlandi en tegundinni hefur fækkað til muna frá því sem var á fyrri hluta 20. aldar og er flórgoði alfriðuð tegund og á válista. Í tjörninni er mikið smádýralíf sem er þó lítt rannsakað.*“ Ástjörn hefur gegnt og gegnir enn mikilvægu hlutverki í afkomu flórgoðastofnins.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. friðlýsingarskilmálum er mannvirkjagerð og jarðrask bannað án leyfis Umhverfisstofnunar. Líkt og fram kom í umsögn stofnunarinnar um matsskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar telur stofnunin hættu á að rask nái inn fyrir mörk friðlandsins. Stofnunin telur að enn sé hættu á því og vísar í mynd 4.1 þar sem knatthúsið liggur þétt upp við friðlandið auk þess sem myndir 6.5 og 6.6 hafa ekki verið uppfærðar þar sem mannvirki nær ótvírætt inn fyrir mörk friðlandsins. Ekki er heimil mannvirkjagerð og jarðrask innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Auk þess vill Umhverfisstofnun vekja athygli á 54. gr. náttúruverndarlaga en þar segir: „*ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.*“

Vegna mögulegra áhrifa framkvæmdarinnar á náttúru og upplifun gesta innan friðlýstu svæðanna telur Umhverfisstofnun mikilvægt að metin séu áhrif á verndargildi friðlýstu svæðanna í umhverfismati.

Vatnafar

Í matsáætlun kemur fram að Ástjörn er laukavatn sem er forgangsvistgerð með mjög hátt verndargildi skv. vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Tjörnin er að mati Umhverfisstofnunar þegar undir töluverðu álagi vegna uppbyggingar mannvirkja umhverfis friðlandið og því viðkvæmt fyrir breytingum á vatnsstöðu þess. Stofnunin telur hættu á að áform um æfingavelli á suðurhluta lóðarinnar geti haft varanleg áhrif á vatnsyfirborð og lífríki tjarnarinnar.

Samkvæmt friðlýsingarskilmálum má ekki breyta vatnsyfirborði Ástjarnar. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að framkvæmdaraðili útbúi áætlun um vöktun á vatnsyfirborði tjarnarinnar auk viðbragðsáætlunar um aðgerðir sem grípa skuli til verði

vart við breytingar á vatninu. Umhverfisstofnun tekur fram að breytingar umfram það sem telst til náttúrulegra breytinga á vatnsstöðu geta haft umtalsverð áhrif á lífríki tjarnarinnar, m.a. með auknu gruggi, rofi vatnsbakka og áhrifum á gróður og dýralíf.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar frá 14. maí 2021 segir að vísað sé til skýrslu um vatnasvið Ástjarnar frá 2002 og að mati stofnunarinnar sé nauðsynlegt að gera nýjar athuganir á vatnasviði Ástjarnar, kanna hvort breytingar hafi orðið á vatnasviði Ástjarnar frá fyrri rannsóknum og meta sérstaklega áhrif framkvæmdakosta og hugsanlegra mótvægisáðgerða á vatnasviðið.

Í matsáætlun kemur fram að í kjölfar ákvörðunar Skipulagsstofnunar hefur þegar verið hafin vöktun á grunnvatnsstöðu Ástjarnar en mælingar hófust í júní 2021. Umhverfisstofnun fagnar því að grunnvatnsmælingar séu hafnar og telur mikilvægt að þeim verði haldið áfram. Ef vart verður breytinga á grunnvatnsstöðu Ástjarnar umfram það sem telst til náttúrulegra sveiflna skal framkvæmdaraðili upplýsa Umhverfisstofnun tafarlaust.

Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að fram fari rannsóknir á vatnasviði Ástjarnar og að skýrt sé hver áhrif framkvæmdanna verði, t.a.m. á lekt hraunsins, þar sem breytingar á vatnasviði munu hafa áhrif á allt lífríki, gróður- og dýralíf í tjörninni.

Fuglar

Í Ástjörn er, líkt og fram kemur í matsáætlun, að finna eina flórgoðavarpið á Suðvesturlandi en flórgoði er alfríðuð tegund og er á valista. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að metin séu áhrif aukinnar umferðar, hávaða og lýsingar frá fyrirhuguðu íþróttasvæði á fuglalíf Ástjarnar.

Í matsáætlun kemur fram að fuglasérfræðingur verði fenginn til að taka saman fyrirliggjandi gögn um fuglalíf við fyrirhugað framkvæmdasvæði og Ástjörn og leggja mat á áhrif valkosta. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að óskað sé eftir áliti frá Náttúrufræðistofnun Íslands á áhrifum framkvæmdanna á fuglalíf Ástjarnar.

Lýsing og hljóðvist

Í matsáætlun segir að í umhverfismatsskýrslu verði ekki gert ráð fyrir ítarlegri umfjöllun um áhrif á hljóðvist og lýsingu en gert er í matsáætluninni.

Þó kemur fram í kafla 6.8 um útivist að metið verði hvort valkostirnir breyti upplifun þeirra sem fara um útivistarsvæðið með tilliti til hljóðvistar og ásýndar svæðisins. Umhverfisstofnun telur að meta skuli áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og hljóðvist, bæði með tilliti til fólks og lífríkis. Ljósmeingun, skuggar og hávaði frá íþróttasvæðinu gæti mögulega haft áhrif á þá fugla sem þarna eru sem og á upplifun gesta sem nýta svæðið til útivistar.

Hraun

Í matsáætlun kemur fram að á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá segir að báðir valkostir komi til með að raska hrauni og að valkostir verði bornir saman með tilliti til rasks á eldhrauni. Einnig segir að ekki sé talið æskilegt að uppbygging íþróttasvæðis fari fram á öðrum svæðum enda sé búið að skilgreina svæðið sem slíkt í aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 61. gr. náttúruverndarlaganna ber að forðast að raska eldhrauni frá nútíma nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst almannahagsmunir.

Samkvæmt nýlegum loftmyndum af svæðinu hefur óhreyfðu hrauni verið raskað þar á undanförunum árum. Þar á meðal er hluti þess hrauns sem er ætlað að varðveita í gildandi og fyrirhuguðu deiliskipulagi svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. náttúruverndarlaga auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga að binda leyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Niðurlag

Af ofangreindu er ljóst, líkt og fram kemur í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar, að helsti áhættuþáttur framkvæmdarinnar er Ástjörn og vatnasvið og lífríki hennar. Mikilvægt er að gerð sé ítarleg óháð rannsókn á áhrifum framkvæmdarinnar á tjörnina.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni
105 Reykjavík

sent með tölvupósti á: skipulag@skipulag.is

Reykjavík, 28. desember 2021

Tillaga að matsáætlun fyrir íþróttasvæði Hauka í Hafnarfirði

Landvernd hefur kynnt sér ofangreinda tillögu og telur að Hafnafjarðarbær verði að endurskoða áætlanir um uppbyggingu innan skipulagssvæðis sveitafélagsins í viðkvæmri og afar dýrmætri náttúru sem nýtur verndar.

Tilgangur framkvæmdarinnar

Tilgangur framkvæmdarinnar er byggður á heldur veikum grunni. Á bls. 13 er því haldið fram að uppbyggingin sem mikilvæg fyrir íbúa og nýti betur fjárfestingar í innviðum. Nú þegar fer fram mikil uppbygging á íþróttamannvirkjum annarsstaðar í bænum og óljóst hvernig frekari uppbygging á þessu svæði nýtist íbúum almennt.

Svæðið nýtur verndar og því skal ekki raskað

Ástjörnin sjálf og nánasta umhverfi hennar er friðlýst og nýtur auk þess verndar náttúruverndarlaga eins og hraunið umhverfis hana. Að fara í stórar framkvæmdir alveg við tjörnina er mjög líklegt til þess að raska vatnafari tjarnarinnar. Eins og segir á bls. 14 í matsáætlun er Ástjörn grunnt stöðuvatn þar sem grunnvatnsstaðan ræðst af grunnvatnsstöðu bergsins í kring. Þess háttar stöðuvötn eru viðkvæm fyrir náttúrulegum sveiflum og þola illa rask, eins og dæmi frá þurkkatíð sl. sumar sýna. Hætt er við því að með greftri fyrir mannvirkjum alveg við tjörnina skerðist rennsli í hana eða að frárennsli frá henni opnast þannig að vatnafar hennar raskist. Landvernd óttast að svokallaðar

mótvægisáðgerðir sem greint er frá í kafla 6.2 í matsáætlun til að sporna við þessu, séu ekki nægjanlegar til að tryggja að vatnafar tjarnarinnar raskist ekki.

Það er því mat Landverndar að fyrirhuguð uppbygging stríði gegn friðlýsingarskilmálum. Jafnframt telur Landvernd að með framkvæmdunum verði brotið gegn 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 bæði þar sem um er að ræða rask á vatnafari stöðuvatns stærra en 1000 m² (1. mgr. a liður 61. gr. náttúruverndarlaga) sem og á hrauni frá nútíma (2. mgr. a liður 61. gr. Náttúruverndarlaga). Hvorki valkostur A né B eru undantekningar frá þessu.

Matsáætlun

Stjórn Landverndar gerir ekki athugasemd við hvaða þætti eigi að skoða í matsskýrslu. Þó telur Landvernd orðalag í matsáætlun sérstætt þar sem talað er um Ástjörn sem ógn (bls. „Ekki er talin þörf á frekari aðgerðum **til verja mannvirki vegna Ástjarnar** þegar hún er í hæstu stöðu fyrir valkost A. Í umhverfismatsskýrslu verður skoðað hvort þörf sé á frekari aðgerðum ef valkostur B yrði fyrir valinu“ bls. 15 í matsáætlun). Hið rétta er þó að sjálfsögðu að mannvirkin ógna lífríki, vatnafari og umhverfi tjarnarinnar.

Ranglega er tiltekið í matsskýrslu á bls. 8 og 24 að flórigoði verpi eingöngu við Ástjörn á öllu Suðvesturlandi. Flórigoði verpir einnig við Vífilsstaðavatn, sem dregur þó ekki úr mikilvægi Ástjarnar sem athvarfs fugla eins og flórigoðans sem ekki skal raska frekar.

Stjórn Landverndar telur rétt að íhuga hvort ekki sé ástæða til að fjalla um mögulega náttúruvá vegna eldsumbrota á Reykjanesi. Ef marka má jarðvísindamenn¹ er að hefjast tímabil jarðelda á svæðinu og Vallahverfið er á hraunsvæði.

Bútasaumsskipulag

Þegar hefur verið þrengt verulega að Ástjörninni og hrauninu í kringum hana hefur verið raskað. Hægfara inngrip mannvirkjagerðar inn í verðmæta náttúru virðist minniháttar í hverju tilfelli fyrir sig en þegar áhrifin í heild yfir langan tíma eru skoðuð kemur í ljós að rask og eyðilegging náttúrunnar er veruleg. Ef rask fjær tjörninni réttlætir rask nær henni,

¹ Sjá frétt um þetta hér: <https://www.frettabladid.is/frettir/saknar-umraedu-um-mogulegt-hraunflaedi-i-vallahverfi/>



verður erfitt að finna hvar á að draga línuna og stöðva raskið. Yfirsýn yfir heildarrask svæðisins gefur mun betri tilfinningu fyrir því um hvaða verðmæti er að ræða og sýnir að einhversstaðar verður að stöðva eyðileggingu þess. Frekari uppbygging mannvirkja á svæðinu er heldur ekki ólíkleg eins og til dæmis íbúabyggð á Grísanesi, og hvetur Landvernd Hafnafjarðarbæ til þess að taka af skarið í eitt skipti fyrir öll, virða friðlýsingu svæðisins og náttúruverndarákvæði sem vernda það og falla frá frekari uppbyggingu mannvirkja við Ástjörn.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Athugasemdir við Matsáætlun VSÓ og Hafnarfjarðarbæjar til undirbúnings umhverfismati v/uppbyggingar á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum

Við viljum koma nokkrum athugasemdum við þessa matsáætlun á framfæri við Skipulagsstofnun:

Valkostur A

Tölvuteiknuð loftmynd af knatthúsinu (bls. 21) gefur litla hugmynd um stærð þess miðað við tjörnina. Á þessari mynd er ekki gerð tilraun til að setja inn bíla á staðin við norðurgafll hússins. Staðin við húsíð verða alls 230, aðallega á þessum stað, og því nauðsynlegt að þau verði sýnd í notkun.

Það vantar tölvugerða mynd af knatthúsinu eins og það lítur út á jörðu niðri, t.d. af göngustíg skammt frá, með tjörnina sem viðmið. Einnig vantar mynd sem sýnir skuggavarp af húsinu.

Mörk friðlandsins falla saman við knatthúsið á einum stað (bls. 10) og á annarri mynd (bls. 5) virðast þau sneiða af því. Þetta bendir til þess að staðsetning hússins og/eða mörkin þurfi frekari athugunar við.

Þó að graftarbotn knatthússins eigi að vera 50 cm fyrir ofan hæstu grunnvatnsstöðu breytir það ekki því að rísi þessi risabygging á gljúpu hrauni skammt frá vatnsbakkanum gæti það haft þau áhrif að meira yfirborðsvatn tæki að leka úr tjörninni en eðlilegt er, óháð grunnvatnsstöðu. Óheimilt er að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar skv. friðlýsingunni frá 1978.

Valkostur B

Þessi valkostur er miðaður við að knatthúsið verði á þeim stað sem upphaflega var gert ráð fyrir, en honum hefur nánast verið ýtt útaf borðinu því að Hafnarfjarðarbær lét í haust gera þarna æfingavöll í samráði við Hauka. Þessi völlum átti að vera nyrst á svæðinu þar sem knatthúsið er fyrirhugað skv. valkosti A. Skipulagsstofnun úrskurðaði í júlí sl. að þessi valkostur skyldi fara í umhverfismat og hefði verið réttast að bíða eftir niðurstöðu þess.

VSÓ hefur líklega enga hugmynd um þennan völlum, annars væri væntanlega minnst á hann í matsáætlun – eða hvað? Ef þessi kostur er enn raunhæfur, þó Hafnarfjarðarbær hafi með skýrum hætti gefið annað til kynna, og VSÓ gerir honum skil sem slíkum, þarf að beita sömu aðferðum og við valkost A, annars er ekki um raunverulegan samانبurð að ræða, þ.e. að sýna sambærilegar tölvumyndir og rannsaka hvort bygging knatthúss á þessum stað geti haft áhrif á vatnsstöðu Ástjarnar.

Núllkostur

Í matsáætlun VSÓ segir að fjallað verði um núllkost í umhverfismatsskýrslu og hann notaður sem grunnviðmið til að meta áhrif framkvæmda á umhverfið. Bera þarf þennan kost saman við hina og gera grein fyrir hvort hann hefur haft einhver neikvæð áhrif á lífríki tjarnarinnar, fuglalíf, friðlandið í heild og fólkvanginn.

Hafnarfjarðarbær telur þennan kost ekki raunhæfan „þar sem hann kemur ekki til með að . . . stuðla að fjölbreyttari notkun á íþróttasvæði Hauka eða tryggja aukið framboð íbúðarhúsnæðis sem eru megin markmið framkvæmdarinnar,“

Hvað síðara atriðið varðar mun lóðum fyrir um 4000 íbúðir verða úthlutað á næstu mánuðum í Hafnarfirði, skv. frétt í RÚV 7. des. sl. Þannig að 100 -110 íbúðir sem ætlunin er að byggja á Haukasvæðinu skipta litlu máli í því samhengi. Bygging þessara íbúða er hinsvegar tekjustofn fyrir bæinn því að Haukar hafa látið honum eftir lóðir undir þær.

Á bæjarstjórnarfundum 22. jan. 2020 var bókað eftir meirihlutanum að framkvæmdir við nýtt knatthús á Ásvöllum muni hefjast í takt við sölu lóða. Hafnarfjarðarbær var mjög skuldugur og er kannski enn, sbr. úttekt Gylfa Magnússonar dósents við HÍ á ársreikningum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 2019, og skýringin á valkosti A hlýtur því fyrst og fremst að vera slæm fjárhagsstaða bæjarins. Þessu viljum við að VSÓ haldi til haga, annað sýnir eindreginn vilja Hafnarfjarbæjar til að halda fast við þennan valkost ekki í réttu ljósi.

Almennt um umhverfismatið

Lífríki Ástjarnar er að mestu órannsakað og fuglalíf líka. Náttúrustofa Suðvesturlands sér um fuglatalningu og var henni bent á það í sumar að kriugarpið við tjörnina, sem venjulega er töluvert, væri sama og ekkert þetta árið. Þakkað var fyrir ábendinguna en samt fórst fyrir að telja kriuna. Við höldum að dynkir frá húsbyggingum í Skarðshlíðarhverfinu sem er handan við hæðina skammt frá varplandinu hafi fælt kriuhópin í burtu, en vitum það ekki með vissu.

Umhverfismatið sem nú er í undirbúningi gefur tilefni til að gera almennilega rannsókn á tjörninni, lífríki hennar og fuglalífi í stað þessa flýtisverks sem nú er í uppsiglingu. Við vonum að Skipulagsstofnun krefjist vandaðri vinnubragða þó slíkt kunni að taka eitthvað lengri tíma.

Verði af byggingu skv. valkosti A mun það hafa gríðarleg áhrif á ásýnd tjarnarinnar og alls svæðisins umhverfis hana, friðlands og fólkvangs. Kostur B sýnist vera skárri að þessu leyti, því húsið væri þá fjær tjörninni. Bara þetta atriði, og þá er annað ótalið, ætti að vera nóg til þess að kostur A komi ekki til greina og því óskum við þess að Skipulagsstofnun kynni sér málið vel og kanni aðstæður á staðnum með það í huga sem sagt hefur verið hér að framan.

Hafnarfirði, 23.12.2021

Björn Ól. Gíslason, Blikaási 9
Ólöf Björnsdóttir, Erluási 1
Hulda Björnsdóttir, Blikaási 6

Erla Björg Aðalsteinsdóttir

From: Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>
Sent: mánudagur, 29. nóvember 2021 09:52
To: Erla Björg Aðalsteinsdóttir; Þormóður Sveinsson
Subject: Framsend athugasemd Guðna Gíslasonar við matsáætlun - Ásvellir
Attachments: image001.png; image002.jpg

Góðan dag

Meðfylgjandi umsögn barst á fimmtudag. Þetta þarf að skýra.

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun




From: Guðni Gíslason <gudni@fjardarfrettir.is>
Sent: 26.11.2021 11:05:40
To: Skipulagsstofnun - SLS
Subject: Athugasemd við matsáætlun - Ásvellir

Góðan dag.

Rétt er að benda á að á bls. 5 í matsáætlunni eru minjar ekki á sama stað í valkosti A og B!

Eðlilegra er að hafa minjarnar rétt staðsettar þó þær hafi verið staðsettar vitlaust í eldri gögnum.



Með góðri kveðju,

Guðni Gíslason, útgefandi/ritstjóri

fjardarfrettir.is

...fréttavefur Hafnirþinga

Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfjörður | www.fjardarfrettir.is

sími 896 4613 | gudni@fjardarfrettir.is

 www.facebook.com/fjardarfrettir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350, Bæjarhrauni 2

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður, 27. desember 2021

Efni: Umsögn um matsáætlun vegna byggingar risa mannvirkis við friðland Ástjarnar

Vísast til fyrirliggjandi matsáætlunar dags. nóvember 2021 vegna framkvæmda við friðlýst land Ástjarnar í Hafnarfirði. Samkvæmt auglýsingu Skipulagsstofnunar dags. 25. nóvember 2021 er öllum heimilt að veita umsögn um matsáætlunina.

Undirrituð, Hulda Hákonardóttir, Spóaási 10 í Hafnarfirði er íbúi í Áslandi sem liggur að framkvæmdarsvæðinu. Heimili mitt liggur nánar tiltekið einnig að friðlandi Ástjarnar.

Með bréfi þessu setur undirrituð fram umsögn sína um matsáætlunina en gerðar eru alvarlegar athugasemdir um þá umfjöllun og áætlun sem þar birtist. Sömuleiðis vísast hér til meðfylgjandi athugasemda undirritaðrar dags. 14. október 2020 og 21. júní 2021 sem voru lagðar fram til Hafnarfjarðarbæjar á fyrri stigum málsins.

Í fyrsta kafla í umsögn þessari verður fjallað um samantekt umsagnar undirritaðar um matsáætlunina. Í kafla tvö er fjallað um athugasemdir mínar um einstaka kafla matsáætlunar.

1.

Matsáætlun er áætlun framkvæmdaraðila um hvernig fyrirhugað er að standa að umhverfismati fyrirhugaðrar framkvæmdar og á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis verði lögð áhersla í umhverfismatskýrslu.

Fyrirliggjandi er ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 13. júlí 2021 um að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum. Myndar sú ákvörðun og forsendur hennar kjarna þeirra atriða sem framkvæmdaraðila ber a.m.k. að leggja mat á. Fyrirliggjandi matsáætlun er hvorki í samræmi við þessa ákvörðun Skipulagsstofnunar, þ.e. um forsendur fyrir matskyldu, né leiðbeiningar stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda frá árinu 2005. Verulega skortir á að matáætlun geti staðið undir mati á umhverfisáhrifum í samræmi við kröfur laga.

Samandregið er boðað í fyrirbyggjandi matsáætlun Hafnarfjarðarbæjar að það eina sem á að skoða er að mæla vatnsyfirboðið í Ástjörn yfir 8 mánaða tímabil. Meira er það ekki. Síðan á að fá ótilgreindan fuglasérfræðing til að meta „fyrirbyggjandi gögn“ um fuglalíf án þess að önnur skoðun sé gerð eða aðferðir eða aðferðarfræði skýrð.

Að öðru leyti er matsáætlun sveitarfélagsins tóm.

Samkvæmt fyrirbyggjandi matsáætlun Hafnarfjarðarbæjar á þannig ekki á að fara í frekari gagnaöflun um aðra þætti sem sæta verulegri hættu að verða fyrir töluverðum áhrifum vegna framkvæmdarinnar eða starfsemi hennar, t.d. á vatni, jarðraski, gróðurfari og fuglalífi. Auk þess er í matsáætluninni ekkert fjallað um áhrif risa mannvirkis inn að eða á friðlandinu og áhrif þessa á verndargildi Ástjarnar sem friðlýstu svæði og fólksvangi.

Að mati undirritaðrar ber matsáætlun Hafnarfjarðar það með sér að sveitarfélagið leitast ennþá við að fara „stystu leiðina“ í máli þessu (fram að þessu hefur sveitarfélagið í tvö skipti verið gert afturrækt með svokallaða „umhverfisskýrslu“).

Sveitarfélagið hefur þegar ákveðið að reisa mannvirkið á þessum stað. Vísast þar til þess að samkvæmt ljósmynd og fréttum fjölmiðla tók bæjarstjóri Hafnarfjarðar fyrstu skóflustunguna að mannvirkinu á svæði Hauka í apríl 2021, þ.e. áður en ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu lá fyrir. Fyrir bæjarstjóra breytti engu hvort framkvæmdin yrði talin þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum eða ekki.¹ Sveitarfélagið ætlar í þessa framkvæmd og hún á að verða að veruleika óháð því hvaða áhætta er tekin um áhrif á einstaka náttúru og dýralíf Ástjarnar og fólksvangsins þar í kring.

Þarna fara saman í þessu máli þeir ólíku hagsmunir þegar sveitarfélagið er framkvæmdaraðili annars vegar og það fer einnig með skipulagsvaldið hins vegar. Það á sjálft að leggja mat á áhrif framkvæmdar sem það sjálft er búið að ákveða að ráðast í. Fyrirbyggjandi umfjöllun matsáætlunarinnar verður að skoða í þessu ljósi.

Á hinn bóginn leggur undirrituð einnig ríka áherslu á að skipulagsvald sveitarfélagsins er takmarkað með lögum. Með stoð í lögum hafa verið sett stjórnvaldsfyrirmæli með friðlýsingu tjarnarinnar og stofnun fólksvang hjá Ástjörn, sbr. auglýsingar frá árinu 1978 og 1996, sbr. nánari umfjöllun um athugasemd 1 hér síðar í umsögninni. Samkvæmt þessum réttarreglum ber ótvírætt í máli þessu að afla leyfis Umhverfisstofnunar. Í matsáætlun er því sleppt að nefna að nauðsynlegt sé að afla samþykks Umhverfisstofnunar vegna framkvæmdarinnar eða áhrifa hennar. Skipulagsstofnun ber að koma því til leiðar að reglum sé fylgt og umfjöllun matsáætlunar sé í samræmi við framangreint og tryggt verði að aflað verði leyfi frá Umhverfisstofnun (eftir atvikum einnig frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs).

¹ <https://www.fjardarfrettir.is/frettir/knattspyrnufelagid-haukar-90-ara-fyrsta-skoflustungan-tekinn-ad-knatthusi>. Í fréttinni er m.a. vitnað í tilkynningu Hauka sbr. eftirfarandi: „Það er ljóst að stuðningur bæjaryfirvalda í íþróttabænum Hafnarfirði hefur reynst okkur í Haukum gríðarlega mikilvægur og erum við afar stolt af þeim mannvirkjum sem nú þegar hafa verið reist á Ásvöllum. Með nýju knatthúsi og nýju grasæfingasvæði verður svo aðstaðan fyrir knattspyrnudeildina afar glæsileg“

Þá er umfjöllun matsáætlunar um framkvæmdakosti áfátt. Samkvæmt áður nefndum leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (2005) ber að fjalla um núllkost í matsáætlun, sbr. umfjöllun á bls. 20 í leiðbeiningunum. Í fyrirliggjandi matsáætlun hafnar Hafnarfjarðarbæ því að fjalla um núllkost samhliða valkostum A og B. Með þessu kemst Hafnarfjarðarbær hjá því að eiginlegur samburður fari fram. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að þarna vantar sömuleiðis inn í matsáætlun annan valkost á staðsetningu, þ.e. að mannvirkid verði ekki byggt á núverandi svæði Hauka og það byggt fjær gríðarlega mikilvægri náttúruverlu á Suðvesturhorninu .

Í matsáætluninni byggja bæjaryfirvöld þannig á því að aðrir kostir en A og B komi ekki til greina, sjá t.d. umfjöllun bls. 14 í matsáætlun. Þar kemur fram að ekki sé „talið æskilegt að uppbygging íþróttasvæðis Hauka fari fram á öðrum svæðum enda búið að skilgreina svæðið sem slíkt í aðalskipulagi. Markmið framkvæmdar sé jafnframt að styrkja þá starfsemi sem fyrir er og nýta þá innviði sem eru til staðar. Hafnarfjarðarbær telur að uppbygging á íþróttasvæðinu sé mikilvæg fyrir íbúa og nýti betur fjárfestingar í innviðum. Ekki er talið að uppbygging íþróttasvæðis á öðrum stöðum á Völlum geti mætt þeim markmiðum sem sett eru í skipulagi eða sé til þess að valda minni umhverfisáhrifum vegna umfangs eldhrauns á Völlum. Að teknu tilliti til þessara atriða er það mat Hafnarfjarðarbæjar að fyrir liggi skýrir hagsmunir til að bæta þjónustu við íbúa og aðgengi að henni [...]“.

Þetta er kjarninn. Sveitarfélagið telur framangreind sjónarmið vega upp þau töluverðu neikvæðu áhrif sem hætta er á að framkvæmdin og starfsemi hennar leiði af sér fyrir friðlandið og fólksvanginn við Ástjörn. Í matsáætlun er látið nægja að staðhæfa að annar staður uppfylli ekki þarfir Hauka fyrir mannvirkid og sömuleiðis staðhæft að umhverfisáhrif verði ekki minni en ef byggt er við eða á friðlandinu. Þetta er sem sagt fullyrt í áætluninni án nokkra raka eða gagna og er haldlaust. Ekkert er heldur áætlað að meta í þessu sambandi samkvæmt áætluninni. Eingöngu eigi að meta valkosti A og B sem báðir eru uppvið eða í mikilli nálægð við friðlandið. Augljóslega er að mati undirritaðrar ekki er hægt að meta áhrif á valkosti A og B nema valkostur C sé einnig metinn og raunverulegt mat fari fram.

Þá ber að hafa í huga að áður nefndar órökstuddu fullyrðingar sveitarfélagsins (bls. 14) um annan valkost eru rýrar að efni til. Þekkt er að íþróttamannvirki eða starfsemi íþróttafélaga séu ekki öll á sama stað eða svæði. Markmiði um þarfir og innviði er náð í því sambandi. Í dæmaskyni um möguleika þessa má vísa til uppbyggingar á nýju íþróttamannvirki Stjörnunnar í Hofstaðamýri, starfsemi Fjölnis í Grafarvogi (Egilshöll) og starfsemi sem fór fram hjá íþróttafélaginu Fram (í Safamýri og Úlfarsárdal).

Í þessu samhengi má nefna að Hafnarfjarðarbæ hefur nægt landrými ekki fjarri svæði Hauka í dag, t.d. inn af Völlum, eins og sveitarfélagið sjálft vísar til í matsáætlun en kys að meta ekki. Ætla má að það geti verið styttra frá núverandi íþróttasvæði Hauka yfir í nýtt knatthúss á Völlum heldur en í framangreindum tilvikum t.d. hjá Fjölni og Stjörnunni.

Hvað varðar val á framkvæmdarkostum er því matsáætlun verulega ábótavant að mati undirritaðrar. Með hliðsjón af framangreindu telur undirrituð að sveitarfélaginu ber í matsáætlun að fjalla um núllkost og mat á honum fyrir hvern umhverfisþátt og bera saman við valkosti A og B. Einnig ber í

matsáætlun að setja fram áætlun um mat á valkosti C, þ.e. metin áhrif þess að byggja á öðrum stað innan Hafnarfjarðar og bera það saman við valkosti A og B.

Vissulega má ætla að ákjósanlegast gæti verið að hafa íþróttastarfsemi Hauka alla á sama stað. Það getur þó ekki verið algilt og verður að gæta að lagareglum landsins og því umhverfi og aðstæðum sem eru til staðar í nærumhverfi þess svæðis sem starfsemi íþróttafélagsins fer aðallega fram á. Hér skiptir einnig máli að samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er kveðið á um sérstaka vernd sem tekur til Ástjarnar og hraunið í kring, sbr. 61. gr. laganna. **Samkvæmt lögnum skal forðast að raska vistkerfinu og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til. Af þessu leiðir að gera verður kröfum um bráða nauðsyn framkvæmdar og meiri kröfur gerðar en ella til að matsáætlun sé fullnægjandi þannig að ítarlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar fari fram.** Boðað mat í fyrirbyggjandi matsáætlun er langt frá því að uppfylla þessar kröfur laga.

Bygging íþróttahúss fyrir iðkenndur og starfsfólk Hauka er hjartans mál fyrir undirritaða. Aftur á móti getur bygging íþróttahúss og rekstur þess seint talist til brýnna nauðsynja í framangreindum skilningi náttúruverndarlaga, þar sem í ofanálæg er tekin verulega áhætta á óafturkræfanlegum áhrifum á einstakt dýralíf og útivistarsvæði friðlandsins.

Til viðbótar má almennt benda á að heilt yfir setur matsáætlunin alla áherslu á að setja fram áætlun á mati á áhrifum framkvæmdar á framkvæmdartíma. Þetta gengur of skammt. Varðandi flesta mikilvæga áhrifaþætti er látið hjá líða í matsáætlun að gera áætlun um mat á áhrifum á rekstrartíma mannvirkisins (eftir það er byggt og komið í notkun). Gera á skýran greinarmun á þessu tvennu í matsáætlun sbr. kafla 3.3.3 í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (2005) og umfjöllun um forsendur matsskyldu í ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 13. júlí 2021. Gerð er alvarleg athugasemd um þetta og vísast til umfjöllunar hér á eftir um athugasemdir.

Þá er gegnumgangangi í matsáætlun umfjöllun um mótvægisáðgerðir sem sveitarfélagið hefur sett fram á fyrri stigum þessa máls. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021 segir eftirfarandi um fyrri boðaðar mótvægisáðgerðir Hafnarfjarðarbæjar: „Þrátt fyrir það fyrirkomulag við byggingu íþróttahússins sem fjallað er um í framlögðum gögnum og boðaðar mótvægisáðgerðir er að mati Skipulagsstofnunar mikil óvissa um áhrif framkvæmdanna á vantafar Ástjarnar. Allar forsendur þurfa að standast og ekkert út af bregða við framkvæmdir við íþróttahúsið til að mótvægisáðgerðir skili tilætluðum árangri. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig hægt sé að tryggja að ekki verði jarðrask neðan grunnvatnsyfirborðsins eða hvaða afleiðingar það hefur í för með sér“.

Með öðrum orðum fyrri boðaðar mótvægisáðgerðir sveitarfélagsins hafa þegar fengið falleinkunn og hafa hér ekkert gildi. Ekki er hægt að ákveða mótvægisáðgerðir fyrr en fullnægjandi gögn og mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Því á kafli í matsáætlun nr. 5.3, sem fjallar almennt um mótvægisáðgerðir, rétt á sér en önnur umfjöllun áætlunarinnar um tilgreindar fyrri boðaðar mótvægisáðgerðir, sem eru byggðar á sandi, geta ekki staðið í matsáætlun og ber að eyða þeim út (sbr. t.d. umfjöllun í kafla 6.2. um vatnafar Ástjarnar, kafla 6.6. um fuglalíf og kafla 6.7 um hljóðvist og lýsingu).

Framangreind tilraun bæjaryfirvalda í Hafnarfirði til þess að skjóta hinum svokölluðu fyrri „mótvægisáðgerðum“ inn í matsáætlun rennir aftur skýrum stoðum undir að sveitarfélagið ætlar sér ekki að sinna lagaskyldum um mat á umhverfisáhrifum og er að reyna að keyra ákvörðun um leyfisveitingu fyrir byggingu þessa mannvirkis hratt og örugglega í gegn (sbr. fyrstu skóflustungu bæjarstjóra að mannvirkinu í apríl sl.).

2.

Að öðru leyti en að framan greinir eru athugasemdir undirritaðar eftirfarandi um einstaka kafla matsáætlunarinnar:

ATHUGASEMD 1

Kafla 3.3. Leyfi sem framkvæmdin er háð, bls. 7 í matsáætlun

- Í umfjöllun matsskýrslu í kafla 3.3. vantar að framkvæmdin sé háð leyfi og undanþágu Umhverfisstofnunar, sbr. 1. gr. friðlýsingar sbr. auglýsingu 189/1978 og 9. og 11. gr. auglýsingu um stofnun fólksvangs 658/1996, sbr. einnig umfjöllun hér að framan.
- Um er að ræða rísa mannvirki sem á að rísa inn á eða alveg að mörkum friðlýsta svæði Ástjarnar. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 13.7.2021 var ákveðið að framkvæmdin og starfsemi hennar væri háð mati á umhverfisáhrifum vegna áhrifa á friðlandið og fólksvanginn. Í þessari ákvörðun Skipulagsstofnunar fellst að framkvæmdin er talin geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á friðlandið og dýraríki þess. Lestur fyrirbyggjandi matsáætlun sýnir að undirliggjandi eru áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi hennar sem tekur fyrst og fremst til mats á áhrifum á friðlandinu og fólksvanginum. Áhrifin á friðlandið og fólksvanginn eru því óumdeild í málinu þótt nú liggi fyrir að meta hversu víðtæk og alvarleg þau eru. Áhrif þessi falla undir friðlýsingar um svæðin og ber að gæta að þeim reglum sem um það gilda sbr. áður nefndar auglýsingar frá 1978 og 1996.
- Með vísan til framangreinds hefur mannvirkið því óumdeilanlega áhrif inn á friðlandið og fólksvanginn. Slíkt er háð leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. friðlýsingar annars vegar frá árinu 1978 (1. gr.) og hins vegar frá árinu 1996 (9. og 11. gr.), sbr. einnig undanþágu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs.

Með friðlýsingunni og stofnun fólksvangsins var m.a. skipulagsvald Hafnarfjarðarbæjar skert með stoð í lögum.

Eftirfarandi reglur gilda um friðlandið sbr. auglýsing 189/1978:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar.
2. Óheimilt er að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatnasviði hennar efni sem skaðað geta gróður eða dýralíf á svæðinu.
3. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Á varptíma (1. maí - 15. júlí) er umferð um svæðið óheimil.

4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.

Samanber 1. gr. friðlýsingarinnar þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir mannvirkjagerðinni og jarðraski á hinu friðlýsta svæði. Samkvæmt 2. gr. er óheimilt að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar. Athuga ber að regla í 5. gr. tekur til banns á hvers konar skerðingu á gróðri, truflun á dýralífi og skaðsemi á varpi fugla. Þetta á við óháð því hvaðan skerðingin eða truflunin kemur til, hún getur komið innan marka friðlandsins, frá mörkum þess eða jafnvel að orsökina megi rekja til þátta utan hins friðlýsta svæði. Nóg er að áhrifin berist inn á svæðinu.

Fyrirliggjandi er að framkvæmd og tilvist rísa mannvirkis mun hafa áhrif á friðlandið og ber samkvæmt framangreindu að afla leyfis Umhverfisstofnunar. Vísast hér einnig til myndar 4.1 í matsáætlun sem sýnir að „Athugunarsvæðið“ nær inn á friðland Ástjarnar (appelsínugult). Þetta rennir sömuleiðis stoðum undir að afla þurfi leyfis Umhverfisstofnunar.

Eftirfarandi reglur gilda um fólksvanginn sbr. auglýsingu nr. 658/1996:

1. Gangandi fólki er frjálst umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi.
2. Umferð ökutækja innan svæðisins er aðeins heimil á akvegum.
3. Svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar. [...]
7. Losun mengandi efna á vatnasviði Ástjarnar er óheimil. Settar verði sérstakar reglur um áburðarnotkun hjá gróðrarstöðinni. [...]
9. Mannvirkjagerð skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag. Önnur mannvirkjagerð er háð leyfi Umhverfisstofnunar.
10. Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar fer með stjórn og eftirlit með fólksvanginum.
11. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umhverfisnefndar Hafnarfjarðar og Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 3. gr. auglýsingar nr. 658/2996 skal fólksvangurinn að vera skipulagður til almennrar útivistar. Þá skal mannvirkjagerð vera í samræmi við aðalskipulag sbr. grein 3. Umrætt rísa mannvirki var ekki á aðalskipulagi árið 1996. Samkvæmt 3. gr. reglnanna er mannvirkið því háð leyfi Umhverfisstofnunar. Hvað sem framangreindu líður er ljóst að framkvæmdin og starfsemi hennar getur haft verulegt og neikvæð áhrif á verndargildi fólksvanginn sem útivistarsvæði. Framkvæmdin sem slík fer gegn 3. gr. reglnanna. Samkvæmt 11. gr. reglnanna ber þá að fá undanþágu frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs.

Framangreindu til stuðnings má benda á að í fyrirliggjandi umsögn Umhverfisstofnunar dags. 14. maí 2021 kemur fram að stofnunin telji hættu á að með fyrirhugaðri staðsetningu fjölnota íþróttahúss þá muni rask ná inn fyrir mörk friðlandsins og telur mikilvægt að við veitingu framkvæmdaleyfi sé skýrt að slíkt sé ekki

heimilt. Þegar og af þessari ástæðu telur undirrituð ljóst að réttarreglur þessa máls eru með þeim hætti að forsenda fyrir framkvæmd er að leyfi Umhverfisstofnunar liggja fyrir og ber að upplýsa um slíkt í matsáætlun.

ATHUGASEMD 2

Myndir 4.1 og 6.3, bls. 10 og 16 í matsáætlun

- Í kafla 3.3.2 í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (2005) segir eftirfarandi: „*Mikilvægt er að skilgreina landþörf framkvæmdarinnar og það landsvæði sem athuganir munu ná til og áhrifa hennar kann að gæta á eins og kostur er miðað við fyrirliggjandi framkvæmdakosti. Sýna þarf athugunarsvæði á uppdrætti, helst á loftmyndagrunni, t.d. á mkv. 1:25.000-1:5.000. Með líklegu áhrifasvæði framkvæmdar er átt við svæði sem ætla má að verði fyrir áhrifum vegna t.d. loft- eða hljóðmengunar, breytinga á vatnafari eða sjónrænna áhrifa.*“
- Matsáætlun fer gegn framangreindu. Á mynd 4.1 bls. 10 er gult svæði afmarkað sem „Athugunarsvæði“. Það nær eingöngu utan um framkvæmdarsvæðið. Þetta er ekki rétt enda athugunarsvæði eða áhrifasvæði mats á umhverfisáhrifum mun stærra og tekur a.m.k. til alls friðlandsins og fólksvangsins, sbr. ákvörðun Skipulagsstofnunar og áður nefndan kafla 3.3.2 í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (2005). Sjá hér einnig kafla 5.2. í matsáætlun.
- Þá er undirrituð í vafa um hvort og af hverju sveitarfélagið setji fram mismunandi myndir um afmörkun svæðanna. Ekki virðist vera samræmi í afmörkun svæða í annars vegar umræddum myndum matsáætlunar nr. 4.1 og 6.3 og hins vegar t.d. mynd 3.1 bls. 3 í umhverfisskýrslu sveitarfélagsins vegna tilkynningar um breytt deiluskipulag.² Þetta þarf að skýra betur ef rétt reynist og notast við réttar mælingar. Telur undirrituð vísbendingar um að núverandi svæði Hauka eða mörk þessu séu innan friðlandsins. Gera þarf sjálfstæða rannsókn af þessu af óháðum aðila og boða það í matsáætlun. Þetta er forsenda réttis mats á umhverfisáhrifum. Undirrituð skorar á Skipulagsstofnun að skoða þennan þátt sérstaklega og fara og skoða staðarhætti á svæðinu.

ATHUGASEMD 3

Tafla 5.1 Forsendur á bak við vinsun umhverfisþátta í mati, bls. 11 í matsáætlun

- Setja þarf til viðbótar reit í töflu um áður nefndar auglýsingar um friðlýsingar og stofnun fólksvangs frá 1978 og 1996, sbr. umfjöllun hér að framan um þær reglur. Þetta er nauðsynlegt enda er í friðlýsingunum að finna forsendur sem þarf og er skylt að horfa til við mat á visnun umhverfisþátta í mati á umhverfisáhrifum. Þannig er ekki nægilegt eingöngu að vísa til náttúruverndarákvæða í lögum heldur þarf eðli málsins samkvæmt sérstaklega að meta stjórnvaldsfyrirmæli sem hafa verið sett með stoð í lögum til viðbótar. Þetta þarf að koma fram í matsáætluninni og í umhverfisskýrslu þarf að meta allar greinar og fyrirmæli friðlýsinganna. Taka þarf afstöðu til allra þeirra fyrirmæla og meta áhrifin á þá þætti sem eru þar eru settir fram. Þess vegna verður að búa til reit fyrir þetta í töflu 5.1, bls. 11 í matsáætlun.

² https://www.hafnarfjordur.is/media/asland/Umhverfisskýrsla_Asvellir.pdf

ATHUGASEMD 4

Tafla 5.2 Helstu áhrifaþættir framkvæmdar, bls. 12

- Gerð er athugasemd við að ónæði tekur eingöngu til framkvæmdartíma en ekki einnig ónæðis af mannvirkinu og starfsemi þess, t.d. fyrir menn og dýr með t.a.m. aukinni lýsingu og margföldum bílaumferðar t.d. með stóru bílastæði upp við friðlandið og fyrir íbúabyggð í Áslandi.

ATHUGASEMD 5

Kafla 6.2 Vatnafar Ástjarnar– kafla um vatnsflæði Ástjarnar, bls. 14 – 19

- Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við umfjöllun matsáætlunar í þessum kafla.
- Verulega skortir upp á að boðað mat og athuganir séu fullnægjandi og þær skýrðar í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar (2005). Hafa ber í huga að vatnafar Ástjarnar er ein af meginforsendum fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 13. júlí 2021 um að framkvæmdin kunní að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. niðurstöðu ákvörðunarinnar:

„Þar skiptir meginmáli að komi til þess að rask vegna framkvæmdanna hafi áhrif á lekt hraunsins kann það að valda auknu afrennsli af svæðinu og þ.a.l. hafa í för með sér að varanlega lækkun á vatnsyfirborði tjarnarinnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lífríki og verndargildi Ástjarnar. [...] Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig hægt sé að tryggja að ekki verði jarðrask neðan grunnvatnsyfirborðsins eða hvaða afleiðingar það hefði í för með sér. Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á að fyrirliggjandi rannsóknir á vatnafari eru tæplega 20 ára gamlar og töluverð uppbygging hefur orðið á svæðinu í kringum Ástjörn á þeim tíma sem kallar á nýjar rannsóknir.“

- Með hliðsjón af framangreindu verður að gera verulega ríkar kröfur um mat á þessum þáttum í matsáætlun, sbr. einnig áður nefnd 61. gr. náttúruverndarlaga. Í þessu sambandi fær fyrirliggjandi matsáætlun algjöra felleinkunn.
- Í matsáætlun er fjallað um að gröftur framkvæmdar nái ekki niður að hæsta grunnvatnsyfirborði tjarnarinnar og ekki talin hætta á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á lekt stemmisins, og þar af leiðandi ætti flæði grunnvatns úr Ásbjörn að haldast óbreytt (gröftur verði 50 cm yfir áætlaðri hæstu grunnvatnsstöðu Ástjarnar). Þetta er fullyrt í matsáætlun án þess að athugun hafi farið fram, hún sé boðuð eða vísað til heimilda fyrir því að 50 cm haldi. Hvergi er sagt frá því á hverju þessir 50 cm byggja. Það að fjalla í matsáætlun um fyrirkomulag lagna og hvort þær fari undir kvaðir um kóta er ekki nægilegt og gefur engin líkindi fyrir því að þetta verndi tjörnina og vatnsyfirborð tjarnarinnar sem er verndað í friðlýsingu og lögum. Hafa ber í huga að fyrir hendi þarf að vera **brýn nauðsyn** til að fara í svona framkvæmdir og gerðar miklar kröfur í tilviki sem þessu. Af þessu leiðir að gerðar eru ríkar kröfur til þess að meta þennan þátt gaumgæfilega.
- Matsáætlun þarf að fjalla um og vísa til rannsókna að 50 cm í svona tilvikum tryggi að ekki verði jarðrask neðan grunnvatnsyfirborðsins eða hvaða afleiðingar það hefur í för með sér. Útskýra þarf hvaða rannsóknir á að grípa til með það fyrir augum að skoða hægt sé að koma í veg fyrir áhrifin og hvort þetta sé nægilegt, sbr. bls. 22 í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar

(2005). Matsskýrslan fjallar ekkert um þetta heldur er þetta bara gefin niðurstaða og vísað til mótvægisáðgerða sem voru settar fram í fyrri ritum sveitarfélagsins. Þetta er algerlega óásættanlegt umfjöllun í matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum og gerðar verulegar og alvarlegar athugasemdir við áætlunina að þessu leyti.

- Eina áformaða gagnaöflunin í matsáætluninni snýr að „áframhaldandi vöktun á grunnvatnsstöðu Ástjarnar“. Þannig segir á bls. 17 í skýrslunni að í „kjölfar ákvörðunar Skipulagsstofnunar um að fyrirhuguð framkvæmd sé matsskyld var ákveðið að fara í áframhaldandi vöktun á grunnvatnsstöðu Ástjarnarinnar. Þegar hefur verið hafin vöktun á grunnvatnsstöðu Ástjarnarinnar en mælingar hófust um miðjan júní 2021. Grunnvatnsstaðan er mæld á 2-4ja vikna fresti. Fyrstu niðurstöður sýna að grunnvatnsstaðan í Ástjörninni er 20,6 til 20,8 m y.s. og er það í góðu samræmi við fyrri mælingar (Tafla 6.1) (Þórólfur H Hafstað og Freysteinn Sigurðsson, 2002) og (Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Orkustofnun, 2001). Í umhverfismatskýrslu verður ger grein fyrir niðurstöðum vöktunar fyrir júní 2021 til a.m.k. febrúar 2022 og þær bornar saman við fyrri mælingar frá árunum 2002 og 1995. Það fyrirkomulag nær yfir þann tíma sem Ástjörn er í hæstu stöðu samkvæmt fyrri mælinum.“ Undirrituð bendir á eftirfarandi atriði í þessu sambandi:

- Það er af hinu góða að uppfæra mælingar á vatnsyfirborði hinnar friðlýstu Ástjarnar enda aðrar mælingar sem sveitarfélagið vísar til alltof gamlar. Það að fara eingöngu í þessa mælingu er á hinn bóginn alls ekki nægilegt.
- Hvergi er útskýrt í matsáætlun hvernig þessar mælingar einar og sér eiga að sýna að tryggt verði að ekki verði, rask á vatnsyfirborði eða vistkerfi í friðlandinu eða fólksvanginum, sbr. umfjöllun hér að framan um niðurstöðu Skipulagsstofnunar 13. júlí 2021.
- Þá er gerð athugasemd við að mælingar á vatnsborð Ástjarnar eigi eingöngu að framkvæma til „a.m.k.“ febrúar 2022 (frá júní 2021). Þessi tímarammi er óljós og uppfyllir ekki skilyrði um umfjöllun um aðferðarlýsingar í matsáætlun.
- Ef mælingartímabil tekur aðeins til febrúar 2022 er það alltof stutt, eða 8 mánuðir. Allir ættu að geta gert sér grein fyrir því að t.d. veðursskilyrði geta haft áhrif á vatnsyfirborð. Til að mynda var lítil sól og mikil þoka yfir sumartímann.
- Til að fá markverðar niðurstöður verður tímabilið að vera lengra eða a.m.k. í 1,5 ár. Hér má nefna að fyrri rannsóknir náðu yfir lengra tímabil (1,5 ár). Toppar voru t.d. eftir febrúar í fyrri rannsókn (sjá töflu 6.1. í matsáætlun) sem einnig styður að þörf er á miklu lengra tímabili á mælingum.
- Þá eru engar upplýsingar í matsáætlun um hvar mælingar fara fram í tjörninni eða hverjir standa að þeim, sbr. skilyrði bls. 22 í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (2005). Þá kemur ekkert fram í matsáætlun um hvaða aðferðum er beitt eða hvernig fyrirhugað er að setja niðurstöðurnar fram í umhverfismatskýrslu.

ATHUGASEMD 6

Kafli 6.2 Vatnafar Ástjarnar– kafli um mengun á framkvæmdatíma, bls. 18 – 19

- Matsáætlun vísar til fyrri boðaðra mótvægisáðgerða og verklagsreglna í matsskyldufyrirspurn. Ítrekað hefur komið fram í umsögnum umsagnaraðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021 að þetta er ekki nægilegt. Aðgerðir geti bara átt við ef allt fer á besta veg.
- Það er fráleitt að ræða um mótvægisáðgerðir í matsáætlun þegar fullnægjandi mat á umhverfisáhrifum hefur ekki farið fram. Í matsáætlun á að upplýsa um að í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaáðila verði settar fram tillögur um raunhæfar mótvægisáðgerðir. Vísast um þetta til fyrri umfjöllunar í kafla 1 hér að framan í umsögninni.
- Aðrar athugasemdir við kafla sem tengjast framangreindu bein eða óbeint:
 - Matsspurningar sem fram koma á bls. 18 – 19 eru ekki í samræmi við lög. Þannig gera matsspurningar ekki skýran greinarmun á mati
 - annars vegar á umhverfisþáttum á breytingu deiliskipulagsins til framtíðar (t.d. áhrif á vistkerfi, dýralíf, sjónræn áhrif og verndargildi svæðisins sem friðlands og fólksvangt o.s.frv.) og
 - hins vegar þátta á meðan framkvæmd stendur.
 - Þessi greinarmunur er ekki gerður og taka matsspurningar eingöngu mið af „mengun á framkvæmdartíma“. Þetta of þröng nálgun og er með öllu óásættanlegt og ekki í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar, þar sem ein af megin forsendum fyrir mati á umhverfisáhrifum er áhrif „af byggingu íþróttahúss af þessari stærð við mörk friðlandsins á verndargildi og lífríki Ástjarnar og næsta nágrennis. [...] Í ljósi umfangs íþróttahússins og nálægðar við hið friðlýsta svæði kunna sjónræn áhrif að verða töluverð. Skipulagsstofnun telur að skoða þurfi áhrif af staðsetningu íþróttahúss í samræmi við gildandi deiliskipulag, fjær friðlandsmörkunum, og bera saman umhverfisáhrif þessara tveggja valkosta.“
 - Þá er óskiljanlegt hvernig matsspurning um þörf á því að „verja mannvirki valkosta gegn vatni ef vatnsyfirboð Ástjarnar hækkar“ eigi heima í umhverfisskýrslu skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Lögin og skyldan taka ekki til mats á áhrifum umhverfis á framkvæmd sem slíka, heldur öfugt. Undirrituð áttar sig ekkert á hvert sveitarfélagið er að fara í þessum efnum og krefst að þetta sé skýrt betur, eyða eytt út úr áætluninni.

ATHUGASEMD 7

Kafli 6.3 Gróðurfar, bls. 19 – 20 í matsáætlun

- Í þessum kafla matsáætlunarinnar er fjallað um „íþróttasvæði“. Hvað er átt við með því, og hvaða gildi hefur „skjólbelti“? Þetta er ekki skilgreint í matsáætlun. Undirrituð veit ekkert til hvers er verið að vísa hér. Að öðru leyti einnig vísað til athugasemdar 2 hér að framan um athugunar- og áhrifasvæði framkvæmdar og hvernig matsáætlun á að fjalla um það.
- Gerð er athugasemd við að ekki séu boðaðar athuganir á raski risa mannvirkis alveg upp við viðkvæmt svæði gróðurs inn á friðlandinu t.d. vegna aukinna vinda, skugga o.s.frv. Þetta er óbótavant og í andstöðu við ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021. Fyrirliggjandi gögn

sem vísað er til þ.e. vistgerðarkort og úttekt á náttúruferðum á vatnasvæðum í landi Hafnarfjarðar svara með engum hætti áhrifum undirliggjandi framkvæmdar á þennan mikilvæga umhverfisþátt (sem er eins og tjörninn forsenda dýralífs við tjörnina). Sveitarfélagið ætlar hér eins og annars staðar að koma sér framhjá skyldum sínum og velja „styttri leiðina“. Er þessi tilraun í samræmi við afstöðu bæjaryfirvalda sem hefur einkennt þetta mál frá upphafi.

ATHUGASEMD 8

Kafli 6.5 Landslag og ásýnd, sbr. 21

- Samkvæmt niðurstöðu Skipulagsstofnunar 13. júlí 2021 kunna sjónræn áhrif mannvirkisins að verða „töluverð“. Að þessu virtu telur undirrituð að staðsetningar ljósmynda, sem eiga að sýna ástand valkosta, verða að vera fleiri en boðað er á bls. 21 í matsáætlun. Samanber í dæmaskyni eftirfarandi:
 - Vegna verndargildi fólksvangsins þarf að birta mynd frá sjónarhóli manneskju þegar gengið er framhjá mannvirkinu inn á friðlandinu. Gera þarf þetta fyrir alla þrjá valkostina, A, B og núllkost.
 - Engin mynd er sett fram eða metin af byggð í Áslandshverfinu t.d. neðstu húsum. Þetta er ófullnægjandi enda næsta byggð þar. Gera þarf þetta fyrir alla þrjá valkostina, A, B og núllkost.
 - Þá vantar myndir ofan úr Áslandi yfir t.d. bílastæði og lýsingu sem kæmi af valkostum A, B og núllkost.
 - Einnig skal gera ásýndarmynd séð af útsýnispalli Ásfjalls. Aðeins þannig er hægt að átta sig á verulegu umfangi mannvirkisins í náttúru og byggð svæðisins.
 - Gera á einnig ásýndarmyndir fyrir núllkost. Þessu er verulega áfátt í matsáætlun.
- Í viðmiði bls. 22 vantar umfjöllun um Friðlýsingar um Ásland, enda áhrifa að gæta innan þess, t.d. skuggi og sjónræn upplifun í fólksvangi. Þegar staðið er svo nálægt mannvirkinu eins og í valkosti A þá er það eins og að standa upp við margra hæða risa fjölbýli. Hvernig fer það saman við verndargildi svæðisins? Matsáætlun þarf að setja fram lýsingu á því hvernig þetta verður metið sbr. skýra ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021 um að mannvirkið kundi að valda töluverðum sjónrænum áhrifum og meta eigi áhrif á verndargildi Ástjarnar og fólksvangsins. Matsáætlun fjallar ekkert um þetta og gerðar um það verulegar athugasemdir.

ATHUGASEMD 9

Kafli 6.6 Fuglalíf, bls. 24 í matsáætlun

- Varðandi umfjöllun í þessu kafla matsáætlunarinnar ber að benda á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 13. júlí 2021 kemur fram eftirfarandi í niðurstöðum stofnunarinnar (undirstrikun er undirritaðrar): „*Að mati Skipulagsstofnunar felast helstu áhrif framkvæmdarinnar í mögulegum áhrifum af byggingu íþróttahúss af þessari stærð við mörk friðlandsins á verndargildi og lífríki Ástjarnar og næsta umhverfis. Þar skiptir meginmáli að komi til þess að rask vegna framkvæmdanna hafi áhrif á lekt hraunsins kann það að valda auknu afrennsli af svæðinu og þ.a.l. hafa í för með sér að varanlega lækkun á vatnsyfirborði tjarnarinnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lífríki og verndargildi Ástjarnar“.*

- Ábending undirritaðrar er að óæskilegt sé að skilja í sundur mat á áhrifum framkvæmdar á vatnsflæði annars vegar og á fuglalíf og lífríki við tjörnina hins vegar. Þetta eru órjúfanlegir og samverkandi þættir. Meta þarf þessa hluti sjálfstætt en svo leggja á þetta heildarmat þ.e. horfa þarf á þessa þætti saman en ekki aðskilið. Frá þessu verður heldur ekki skilið að leggja mat á áhrif framkvæmdar á verndargildi svæðisins sem friðlands og fólkvangs.
- Þá eru gerðar aðrar athugasemd við umfjöllun matsáætlunar í þessum kafla. Hafa ber í huga að mat á umhverfisáhrifum tekur ekki eingöngu til mats á áhrifum á framkvæmdartíma heldur einnig af starfsemi og tilvist mannvirkisins, þ.e. til framtíðar. Ljóslega er umfjöllun matsáætlunar verulega áfátt um framangreint og eingöngu einblínt á framkvæmdartímann. Þetta gengur allof skammt sbr. áður nefnda ákvörðun Skipulagsstofnunar. T.a.m. er ekkert fjallað um hvernig á að meta áhrif skugga eða t.d. aukinna vinda á fuglalíf á friðlandinu.
- Í matsáætlun er í þessu kafla fjallað um áformaða gagnaöflun. Eina sem segir í matsáætlun að ótilgreindur „fuglasérfræðingur“ verði fenginn til að „taka saman fyrirbyggjandi gögn um fuglalíf við fyrirhugað framkvæmdasvæði og Ástjörn“. Er hinum ótilgreinda fuglasérfræðingi ætlað að leggja „mat á áhrif valkosta“. Ekki er upplýst hvar eða hvernig þessi ótilgreindi „fuglasérfræðingur“ muni haga skoðun sinni, sbr. kafla 3.3.2 í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (2005).
- Meginathugasemd undirritaðrar snýr þó að því að fyrirbyggjandi gögnum (sem hinn ótilgreindi „fuglasérfræðingur“ á að nota til að byggja mat sitt á) hafa ekki að geyma umfjöllun um framkvæmd á marktækri rannsókn eða athugun á fuglalífinu við Ástjörn og áhrif risa mannvirkis á það eða afleiddar afleiðingar ef vatnsflæði Ástjarnar eða gróðurfar verður fyrir raski. Þessi gögn búa ekki yfir þessu og þess vegna er mat á umhverfisáhrifum að fara fram lögum samkvæmt. Það verður að gera rannsókn á fuglalífinu til að geta metið áhrifin. Þetta hefur ekki verið gert og er ekki áætlað að gera. Vissulega er hægt að horfa til þessara gagna til hliðsjónar mati á áhrifum en þau geta ekki verið eini grundvöllur matsvinnunnar.
- Gerð er alvarleg athugasemd um framangreint í matáætlun. Ekki er hægt að meta umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti nema við matsvinnuna sé gerð rannsókn á lífríkinu og áhrifum framkvæmdarinnar og mannvirkisins á það, beint eða óbeint (vegna áhrifa á vistkerfi, vatn, dýralíf og gróður).

ATHUGASEMD 10

Kaflar 6.7 og 6.8 Hljóðvist, lýsing og útivist, bls. 25 – 26

- Í þessum kafla matsáætlunarinnar er enn á ný vísað til fyrri mótvægisáðgerða sem sveitarfélagið kynnti í umverfisskýrslu sem var ófullnægjandi (boðað að það séu ekki framkvæmdir á varptíma fuglanna sem er gott eitt og sér en ekki nægilegt). Ekki er hægt að koma með mótvægisáðgerðir þar fullnægjandi mat á umhverfisáhrifum (þ.á m. hljóðvist) hefur farið fram. Engar rannsóknir eru fyrirhugaðar t.d. um fuglalíf og fráleitt að vísa í matsáætlun til mótvægisáðgerða þegar ekkert liggur því til grundvallar hver áhrifin eru.
- Þá ber að hafa í huga að dýrin hverfa ekki þótt það komi myrkur. Mikil lýsing og skilti verða á svæðinu og stór bilastæði. Þetta er á stærð við litla Kringlu alveg upp við dýralífið. Hver eru áhrif lýsingar og rask fyrir t.d. fuglana? Samkvæmt matsáætlun á ekki á að meta þetta eða

áhrifin. Ekkert er þannig vikið að lýsingu af bílastæðum og áhrifa þeirra á umhverfið og verndargildi svæðisins fyrir lífríki og sem fólksvangs og fyrir íbúða. Þetta er ófullnægjandi. Þetta þarf að skoða og útskýra hvernig það er skoðað. Mat þarf einnig að fara fram samkvæmt núllkosti.

- Varðandi gagnaöflun um mat á útivist og áhrifum framkvæmdar á hana þá á ekki að afla neinna gagna og látið nægja að vísa til matsskyldufyrirspurnar. Þetta er ófullnægjandi. Útskýra þarf og lýsa „hvar, hvenær og hvernig fyrirhugað er að gera athuganir eða framkvæma mælingar og hvernig fyrirhugað er að vinna úr gögnum, hvaða aðferðum verður beitt við að meta umhverfisáhrifin“. Þetta er ekki gert í matsáætlun eins og hún stendur í dag.
- Í ákvörðun Skipulagsstofnunar 13. júlí 2021 er í niðurstöðum vikið að „Eiginleikum hugsanlegrar áhrif framkvæmdar“. Af þeirri umfjöllun er ljóst að mat á umhverfisáhrifum ber að taka til mats á afleiðingum áhrifa framkvæmdarinnar (risa mannvirkis) á lífríki og verndargildi Ástjarnar sem friðlýsts svæðis og fólksvangs. Í matsáætlun er ekkert vikið að þessu eða boðað áætlun um rannsókn og mati á áhrifum mannvirkisins og eiginleikum þess á verndargildi svæðisins. Gerð er alvarleg athugasemd um þetta.
- Meta þarf einnig t.d. áhrif mögulegra aukinna vinda og breytts veðurfars fyrir svæðið og upplifun fólks, skugga af hýsinu og lýsing t.d. af bílastæðum og völlum. Meta þarf út frá núllkosti einnig.

3.

Í inngangi matsskýrslu kemur fram að Hafnarfjarðarbær byggir matsferli á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Varðandi lagaskil bendir undirrituð Skipulagsstofnun á ákvæði til bráðabirgða í umræddum lögum en matsáætlun vikur ekkert að þessu. Gerð er krafa um að Skipulagsstofnun taki afstöðu til þessa.

Skipulagsstofnun er hér einnig upplýst að síðasta sumar komu kríurnar ekki til að verpa við Ástjörn eins og verið hefur. Framkvæmdir hafa staðið yfir við friðlandið og fólksvanginn, bæði í Skarðshlíð en hafa verið miklar framkvæmdir vestast á svæðinu. Undirrituð telur vísbendingar komnar fram sem þurfi að skoða frekar, þ.e. hvort sveitarfélagið og fyrirsvarsmenn þess sé nú þegar að setja lífríki og vistkerfi Ástjarnar í hættu sem fari gegn 61. gr. náttúruverndarlaga, sbr. í þessu sambandi refsíákvæði 90. gr. laganna. Afrit af umsögninni er send til Umhverfisstofnunar.

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari sjónarmið og gögn ef þörf krefur. Þá er áskilinn réttur til að leita til úrskurðarnefndar auðlinda- og umhverfismála eða dómstóla í máli þessu, þ.á m. varðandi að aflað sé leyfis/undanþágu frá Umhverfisstofnun fyrir framkvæmdinni í samræmi friðlýsingu Ástjarnar í auglýsingu nr. 189/1978 og auglýsingu um stofnun fólksvangs nr. 658/1996.

Virðingarfyllst,
Hulda Hákonardóttir
Spóaási 10
221 Hafnarfirði
huldahakonar@hotmail.com